



SPÁ DV FYRIR PEPSI MAX-DEILDINA

26. APRÍL 2019 / 17. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

INSTAGRAM-STJARNAN


TANJA ÝR

Leikur tveimur skjöldum



INNANBÚÐAR-VANDAMÁL HJÁ INNHEIMTUSTOFNUN

- Meðlagsgreiðendur hafðir að háði og spotti
- Skikkuð til að skrifa veik undir uppsögn



- Umdeild norsk hand-tökuafferð
- Linda Pé, Krummi, Ellen og Skaftamálið

Harðræði lögreglunnar



HEIÐRÚN EDDA: „AÐ ÞURFA AÐ JARÐA ANNAÐ BARNIÐ SITT OG VERA MEÐ HITT Á VÖKUDEILD“



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Síðustu orðin

„Segið móður minni að ég hafi dáið fyrir föðurlandið. Ég hélt að ég væri að gera hið rétta. Tilgangslaust! Tilgangslaust!“

– John Wilkes Booth (1838–1865), morðingi Abrahams Lincoln.

Á þessum degi, 26. apríl



1564 – Enska leikskáldið William Shakespeare er skírt í Stratford-upon-Avon í Warwick-skíri á Englandi. Nákvæmar upplýsingar um fæðingardag skáldsins liggja ekki fyrir.



1803 – Þúsundir loftsteinabrot falla af himnum ofan í L'Aigle í Frakklandi. Viðburðurinn sannfærir evrópska vísindamenn um tilvist loftsteina.



1865 – John Wilkes Booth, banamaður Abrahams Lincoln Bandaríkjaforseta, er króður af og skotinn til bana.



1989 – Mannskæðasti hvírfilbylur sögunnar gengur yfir Mið-Banglades og verður allt að 1.300 manns að bana. Um 12.000 manns slasast og allt að 80.000 missa heimili sín.

Tanja Ýr auglýsir vörur sem hún sjálf selur

■ Hið dularfulla Bossbabe.is ■ Eins vörur á Aliexpress

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Tanja Ýr Ástþórsdóttir, sem kosin var Ungfrú Ísland árið 2013, auglýsir vörur frá skartgripaverkslun sem heitir Bossbabe.is. Á síðu Bossbabe kemur fram að síðan sé í eigu fyrirtækisins Social Kaktus ehf. Þar er auk þess símanúmer og netfang en engin nöfn eigenda.



Þegar að er gáð kemur í ljós að Tanja er sjálf eigandi Social Kaktus ehf. Hún á 50 prósent hlut í fyrirtækinu en hin 50 prósentin á María Hólmgímsdóttir. Tanja og María hafa áður starfað saman en árið 2016 stofnuðu þær umboðs- og auglýsingastofuna Eylenda.

Tanja er sjálf mjög vinsæl á samfélagsmiðlum og hefur til að mynda rúmlega 32 þúsund fylgjendur á Instagram síðu sinni.

Spennur í „gjöf“

Tanja kemur fram í fjölda auglýsinga frá Bossbabe.is en hvergi er að sjá að hún sé eigandi í fyrirtækinu og hafi því beinar tekjur af sölu varningsins. Í færslu á Instagram-reikningi hennar frá 2. apríl síðastliðnum birtir hún mynd af sér með spennur frá versluninni. Í færslunni segir:

„Fékk fallegar spennur í gjöf frá BossBabe og ákvað að sýna þér í IGTV.“



Tanja fékk sem sagt spennurnar í gjöf frá eigin fyrirtæki.

Við aðra mynd af Tönju með spennurnar svarar síðan Bossbabe.is sjálf:

„Spennurnar fara þér rosalega vel.“

DV hefur ekki vitneskju um hvort Tanja sjálf svaraði fyrir Bossbabe.is, María, meðeigandi hennar, eða unnusti Tönju, Egill Fannar Halldórsson. En símanúmerið á Bossbabe.is er skráð á fyrirtæki

verðmunur

Á síðunni Bossbabe.is er að finna ýmiss konar skartgrip og glingur. Athygli vekur að sams konar skartgrip er hægt að finna á netverslunum erlendis, til dæmis kínverskum síðum á borð við Aliexpress. Það sem vekur einnig athygli er gríðarlegur verðmunur á vörunum.

Svo dæmi sé tekið er hægt að kaupa Woven Twist Hoops, silfur-litaða eyralokka á 2.490 krónur

Spennurnar fara þér rosalega vel

hans, Wake up Reykjavík sf.

Áttfaldur

hjá Bossbabe.is. Nákvæmlega eins lokka er hægt að fá hjá búðinni Onekiss á Aliexpress á aðeins tæplega 2,5 dollara, 290 krónur á seðlagengi dagsins.

Munurinn á verðinu er því vel ríflega áttfaldur, sem verður að teljast ansi mikið í ljósi þess að á milli Íslands og Kína var undirritaður fríverslunarsamningur vorið 2013.

Neitaði að tjá sig

Þegar blaðamaður DV hringdi í Tönju til að spyrjast fyrir um málið var skellt á áður en hann náði að klára orðið Bossbabe. ■

Streitumestu störfin og þau streituminnstu

Að upplifa streitu í starfi er óhjákvæmilegt og líklega kannast flestir við það. Streitun getur verið mismikil eftir álagi en sum störf valda þó ávallt meiri streitu en önnur. Heimasíðan CareerCast hefur undanfarið ár rannsakað ellefu þætti sem hafa áhrif á streitu í starfi og gefið út árlega skýrslu um hvaða störf valda mestu og minnstu streitunni.

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is

Streitumestu störfin:

1. Hermenn
2. Slökkviliðsmenn
3. Flugmenn
4. Lögreglumenn
5. Fréttamaður í útsendingu
6. Viðburðstjórnandi
7. Fréttamaður á dagblaði
8. Almannaþingill
9. Stjórnarformaður
10. Leigubílstjóri

Streituminnstu störfin:

1. Ómskoðunartæknir
2. Regluvörður
3. Hárgreiðslufólk
4. Hljóðfræðingur
5. Háskólaprófessor
6. Tæknimaður sjúkraskrár
7. Skartgripahönnuður
8. Rekstrarstjórnaraðili
9. Lyfjafræðingur
10. Nuddari





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

SÝNINGARNAR ERU Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

RONJA
RÆNINGIADOTTIR

ÞUTT EIGIÐ LEIKRIÐ
GODSAGA

SÚPER 
-þú ert ein hjóla sýnd um fella

WILJAM SHAKESPEARE
**JÓNSMESSUNÆTUR
IDRAUMUR**

EINRÆÐISHERRANN

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
LEIKHUSID.IS

STÓR PLOKKDAGURI

Stóri plokkgurinn er á sunnudaginn en þá hefst plokk sumarið 2019 og við tökum öll þátt. Í ár mun Plokk á Íslandi beina sjónum sínum að Reykjanesbrautinni, Vesturlandsveginum, og nær umhverfi stærri umferðaræða landsins. Láttu þig umhverfið varða og vertu með okkur. Komdu í hópinn "Plokk á Íslandi" á Facebook og skráði þig í viðburðinn "Stóri plokkgurinn" og saman gerum við borgina og landið okkar aðeins betra.



PLOKK Á ÍSLANDI

Hreinsum Ísland

RINN 28. APRÍL

#plokk2019
#plokkaíslandi
#hreinsumisland
#plogging

SVÆÐI

Reykjanesbær svæði 1-5. Ræst af planinu hjá Bónus á Fitjum.

Vogar svæði 1-3. Ræst við bílastæði brúna undir Reykjanesbraut að Vogum.

Hafnarfjörður svæði 1-3. Ræst af bílastæðinu hjá N1 Lækjargötu.

Garðabær svæði 1-2. Ræst af bílastæði Vífilstöðum.

Kópavogur svæði 1-3. Ræst af bílastæði Smáralindar.

Reykjavík - Elliðaárdalur og Fossvogs svæði 1-3. Ræst af bílastæði Sambíóanna.

Reykjavík - Stórhöfði og Árbær 1-3. Ræst af bílastæðinu við Select og Ölgerðina.

Reykjavík - Grafarvogur Grafarholt 1-3. Ræst af bílastæðinu hjá Húsasmiðjunni.

Mosfellsbær 1-3. Ræst af bílastæðinu við N1.

VAKTIR

10:00 til 12:00 • 12:00 til 14:00 • 14:00 til 16:00.

16:00 Skipulagðri dagskrá lýkur.

Tugir sveitafélaga, félagasamtaka og plokk hópa um allt land skipuleggja viðburði á þessum degi undir merkjum Stóra plokkdagsins og er öllum velkomið að vera með. Taktu þátt og fylgstu með á heimasíðum og samfélagsmiðlum þíns sveitarfélags.



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið



Hver er hann?



■ Var valinn Framúrskarandi ungur Íslendingur árið 2014.

■ Gaf þúsundum grunn- og leikskóla-barna sólmyrkvagleraugu árið 2015.

■ Dagskrárgerðarmaður hjá RÚV.

■ Ritstýrir Stjórnfræðivefnum.

■ Skrifaði bók með Villa naglbít.

SVAR: SÆVAR HELGI BRAGASON

Það er staðreynd að...



27 ísbirnir gengu á land frostaveturinn mikla 1918.



Blódmör er mun eldri en lifrarpylsa.



Tunglið færir 3,8 sentimetrum fjær jörðinni á hverju ári.



Konur depla augunum næstum tvisvar sinnum oftar en karlar.

YFIRHEYRSLAN

Edda Sif Pálsdóttir sló í gegn sem íþróttافرétta- maður hjá RÚV. Síðan hefur hún tekið að sér ýmis verkefni og dagskrárgerð hjá RÚV. Til dæmis í Landanum og sem stigakynnir í Eurovision. DV tók Eddu Sif í yfirheyrslu.

Hjúskaparstaða og börn?

Í sambúd með Vilhjálmí Siggeirssyni og hundinum okkar Fróða.

Fyrsta atvinnan?

Fyrir utan hefðbundna unglíngavinnu var það umhírdi í kirkjugarðinum við Garðakirkju. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á kirkjugörðum og þessi er einn sá fallegasti á landinu. Samhlíða þessu seldi ég svo fót í 17.

Skemmtilegast að gera?

Að ferðast, bæði innanlands og utan með góðu fólki og Fróða. Mér líður hvernig betur en í fríi uppi í bústað eða úti í Eyjum þó að mér finnst reyndar mjög gott að vera heima líka.

En leiddinlegast?

Að standa í tilgangslausu veseni eða leiddindum.

Trúir þú á drauga?

Njahh...

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Að halda í gleðina eins lengi og maður mögulega getur.

Hver myndi leika þig í kvikmynd?

Anna Svava er held ég eina manneskjan sem

hefur leikið mig, í áramótaskaupi. Ég veit það ekki, einhver klaufsk og lappastutt með stóran munn.

Hefur þú fallið á prófi?

Ég átti alltaf frekar auðvelt með að læra og útskrifaðist til dæmis sem stúdent á þremur árum með 9,69 í meðaleinkunn. Bilprófið hins vegar, maður minni! Ég féll eins naumlega og hægt var fyrst þegar ég tók bóklega prófið, skítféll svo vikuna eftir og leið hrikalega asnalega þegar ég mætti þriðju vikuna í röð! En þá kom þetta. Ég vil kenna því um að ég fór aldrei í æfingaakstur svo skilningurinn var frekar takmarkaður.

Mannkostir þínir?

Ég spurði Villa og hann sagði að ég væri réttisýn, góð, dugleg, ráðagóð og hörð af mér. Takið þessu með fyrirvara, ég var nýbúin að gefa honum mjög góða afmælisgjöf.

Lestir?

Ég er alveg svakalega klaufsk, brákaði til dæmis á mér höfuðkúpuna við að standa upp af klósetti og reka mig upp undir handþurrku. Ég er líka rosalega meðvirk en það stendur til bóta.

Fyrsti bíllinn?

VW Golf. Ég klæddi mig í dragt þegar ég fór og keypti þann bíl, því það er mikilvægt að klæða sig upp í hlutverkið. Ég þrútaði, staðgreiddi og bílasalinn bauð mér svo vinnu.

Leiðinlegasta húsverkið?

Að setja á rúmin. En verðlaunin eru reyndar fín, því það er fátt betra en að leggjast í hreint rúm. Viðurkenni þó að Villi sér yfirleitt um þetta.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Æi, ég man það ekki en mun pottþétt muna það um leið og þessari yfirheyrslu lýkur. Annars hlusta ég mun meira á „podkóst“ þessa dagana. Og jú, svo hlustaði ég á Ásdísi Höllu lesa bókina sína Tvisögu, það var frekar magnað.

Uppáhaldsíþróttalið á Íslandi?

ÍBV. Það er ótrúlegt að félag frá svona litlum stað eigi svona sterk lið í mörgum greinum. Og afreksfólk og þjálfara.

Ertu A- eða B-manneskja?

B. Það á alls ekki vel við mig að vakna mjög snemma.

Hver er fyrirmynd þín í lífinu?

Ég á ekki beint neina eina fyrirmynd held ég, en ég lít upp til og læri af vinum mínum, fjölskyldu, samstarfsfólki og bara alls konar fólki á hverjum degi. Svo eru tengdaforeldrar mínir alveg sérstaklega gott fólk sem ég held að sé það mikilvægasta að vera í lífinu.

Hvað er það erfiðasta sem þú hefur gert?

Ég held að það sé aðeins of þungt fyrir þessa yfirheyrslu.

Eitthvað að lokum?

Gleðilegt sumar! Og munið að vera létt.

Edda Sif Pálsdóttir
492723

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



HVER Á AÐ RÁÐA?

Ekkert land framleiðir meiri raforku á hvern íbúa en Ísland. Orkan er hrein. Við megum ekki glata fullu forræði okkar yfir þessari verðmætu auðlind.

Meira en 90% orkukerfis landsins er í sameign þjóðarinnar. Orkuverð er lágt og þjónustan góð. Arðurinn er mikill og rennur til samfélagsins. Viljum við breyta þessu?

Hingað og ekki lengra! Segjum **NEI** við orkupakka ESB.
Farðu inn á orkanokkar.is og skoraðu á alþingismenn að fella málið!



Innheimtustofnun sveitarfélaga lægjandi framkomu í gar

■ Meint einelti og yfirgangur á vinnustaðnum ■ Forstjórinn hellti sér yfir starfsfólk eftir slaka útl

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Fyrir skömmu stigu fjórar konur fram í DV og sökuðu forstöðumann útibús Innheimtustofnunar sveitarfélaga á Ísafirði um ógnarstjórnun, einelti, furðuleg afskipti af einkalífi og sérkennilega framgöngu varðandi starfslok. Innheimtustofnun hafnaði þessum ásökunum með öllu og benti á að frá sínum sjónarhóli hefði starfsmannavelta stofnunarinnar á Ísafirði ekki verið mikil í gegnum árin.

Hér verður nokkuð vikið að meintri ámælisverðri framkomu stofnunarinnar við meðlagsgreiðendur auk þess sem tveir fyrrverandi starfsmenn (konur) stíga fram og vitna um starfsandann á stofnunni og framkomu í þeirra garð sem þær eru ekki sáttar við.

Mikið ber á ásökunum um ósveigjanleika í samskiptum lögfræðinga og stjórnenda stofnunarinnar við meðlagsgreiðendur sem og niðurlægjandi tal um meðlagsgreiðendur á vinnustaðnum á meðal starfsfólks og stjórnenda.

Fyrrverandi vinnuveitandi í Skagafirði, Kristján Jónsson, var krafinn um greiðslu á meðlagsskuld starfsmanns hans þar sem hann hafði látið undir höfuð leggjast að draga meðlag af launum starfsmannsins sem vann hjá honum í aðeins einn mánuð. Kristján telur stofnunina hafa gengið fram af mikilli óbilgírni í því máli en svo fór að honum var endurgreidd

krafan.

Rétt er, áður en lengra er haldið, að greina frá nöfnum tveggja helstu stjórnenda stofnunarinnar, sem hér koma mikið við sögu, en þeir voru ekki nafngreindir í fyrri umfjöllun DV um málefni stofnunarinnar. Jón Ingvar Pálsson er forstjóri stofnunarinnar en forstöðumaður útibús Innheimtustofnunar á Ísafirði er Bragi Rúnar Axelsson. Báðir eru lögfræðingar að mennt og störfuðu við innheimtu meðlagsgreiðslna sem óbreyttir lögfræðingar hjá stofnuninni áður en þeir unnu upp sig upp í þessar stjórnunarstöður.

Innheimtustofnun sveitarfélaga er í þessum skrifum ýmist nefnd því nafni, eða einfaldlega Innheimtustofnun, eða með skammstöfuninni IHS.

Endurgreiddu kröfu til að forðast kærur til umboðsmanns Alþingis

Kristján Jónsson er búsettur á Hofsósi í Skagafirði. Fyrir nokkrum árum rak hann loddýrabúíð Loðbúa ehf. Í nóvember árið 2014 fékk hann til sín starfsmann sem starfaði hjá honum í einn mánuð og hvarf síðan á braut. Í desember sama ár voru öll laun og launatengd gjöld vegna starfsmannsins gerð upp eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Á daginn kom að umræddur starfsmaður skuldaði barnsmeðlög og í lok janúar árið 2015 fékk Kristján bréf frá IHS þar sem farið var fram á að hann héldi eftir



250.000 krónum eða helmingi af launum viðkomandi starfsmanns. En starfsmaðurinn var ekki á launaskrá hjá Loðbúa ehf. og átti engin ógreidd laun hjá fyrirtækinu.

Í nóvember árið 2015, ári eftir fyrri vistin hjá Loðbúa, kom þessi maður aftur til starfa í einn mánuð. Laun og launatengd gjöld voru greidd með sama hætti og áður en ekki dregið af meðlag. Það voru liðnir tíu mánuðir frá bréfinu frá IHS og Kristján segist ekki hafa

áttað sig á því að krafa um frádrátt meðlagsgreiðslna væri enn í gildi.

„Þetta var engan veginn fastur starfsmaður hjá mér, hann kom tvisvar og vann hjá mér í stuttan tíma,“ bendir Kristján á.

Í fyrstu eftir þetta endurtók sig mynstrið frá árinu áður; í febrúar árið 2016 fær Loðbúi ehf. sams konar bréf frá IHS og árið áður. En síðan var málinu fylgt eftir af hörku. Seint í apríl árið 2016 barst innheimtubríf frá IHS þar sem fyrirtækinu var gert skylt að greiða kröfu upp á 322.704 krónur – innan sjö daga, vel að merkja.

Rétt er að það komi fram að það er í samræmi við lög að launagreiðendur séu ábyrgir fyrir afdrætti meðlagsskulda starfsmanna sinna. Þau lög virðast hins vegar hafa verið túlluð langt umfram efni í þessu máli enda fór það svo að IHS varð að játa sig sigraða – eins og kemur fram hér síðar. Til dæmis er óljóst hvort ákvæði um afdráttarskyldu launagreiðanda hefðu í rauninni átt við um þetta tilvik, IHS gafst upp í málinu áður en reyndi fyllilega á það.

Kristján hafði samband við IHS og fór fram á að skuldin yrði felld niður eða lækkuð. Var þeirri beiðni hafnað á þeim forsendum að ekki væri heimilt að lækka höfuðstól skuldar. Hins vegar var honum sagt að hægt væri að fella niður vexti ef hann greiddi strax 250.000 krónur. Þar átti í hlut Bragi Axelsson, forstöðumaður IHS á Ísafirði. Á þetta gat Kristján ekki fallist, meðal annars vegna þess að þessi upphæð var töluvert umfram þau 50% sem áskilið er að dregin séu af launum starfsmanns, en helmingur af launum umrædds starfsmanns voru 185.463 krónur.

Eftir nokkurt þjark var samþykkt að lækka skuldina niður í þá upphæð sem samsvaraði í raun hálfum launum starfsmannsins en svo var ákveðið að leggja ofan á þá upphæð innheimtukostnað svo niðurstaðan var að mati Kristjáns

algjörlega óviðunandi. Hann taldi meðal annars fráleitt að vaxtakostnaður legðist á kröfu á meðan samningaferli um hana stæði yfir.

Fjárnám var síðan gert vegna kröfunnar og Kristján settur á vanskilaskrá Creditinfo. Hann neyddist því til að greiða samtals 302.000 krónur.

Kristján vísaði málinu til umsagnar hjá umboðsmanni Alþingis, um hvort þessi afgreiðsla IHS stæðist gildandi lög og góða stjórnsýsluhætti. Umboðsmaður Alþingis benti honum hins vegar á bréfleiðis að afstaða stjórnar IHS þyrfti að liggja fyrir áður en umboðsmaður Alþingis tæki afstöðu í málinu.

Kristján sendi því erindi til stjórnar IHS þar sem meðal annars komu fram eftirfarandi punktar sem stjórnin var beðin um að taka afstöðu til:

Lítur stjórn IHS svo á að henni sé heimilt að innheimta 250.000 kr. sem er hámarksgreiðsla en ekki helming greiddra launa sem var í þessu tilviki 185.463 kr. eins og krafist var?

Telur stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga eðlilegt að innheimta vexti og innheimtuþóknun meðan mál eru í vinnslu hjá stofnuninni sem ella hefðu fallið niður ef mál hefði verið afgreitt strax?

Óskað er eftir verklagsreglum sem liggja að baki tilbodi Braga Axelssonar um að hann greiddi 250.000 krónur og þá félli niður vaxtakostnaður. Er stjórn IHS samþykk þessu tilbodi og stæðist það verklagsreglur?

Eru öll sambærileg mál sem þetta afgreidd eftir sömu reglum hjá stofnuninni?

Finnst stjórn IHS að við afgreiðslu þessa máls sé gætt meðalhófs og fylgt góðum stjórnsýsluháttum?

Stjórn IHS bað um vikufrest til að fara yfir málið en síðan hafði þáverandi formaður stjórnar

VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, ný jafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

FEGURÐ ENDING MÝKT






Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is

Starfélaga sökuð um niður- tekið meðlagsgreiðenda

Komu í starfsánægjukönnun ■ Endurgreiddu kröfur til að forðast kærur til Umboðsmanns Alþingis



Jón Ingvar Pálsson
forstjóri IHS.



samband við Kristján og tjáði honum að IHS væri tilbúin að endurgreiða honum kröfuna ef hann félli frá því að kæra málið til umboðsmanns Alþingis.

Skömmu síðar fékk Kristján alla upphæðina greidda inn á reikning sinn en hann fékk aldrei kvittun eða nokkuð formlegt erindi vegna þess gjörnings.

„Ég tel að þetta hafi verið viðurkenning þeirra á því að þeir voru ekki að fara að lögum,“ segir Kristján en velta má vöngum yfir því hvort framganga IHS í málinu öllu geti talist fagleg og eðlileg.

„Ég hef aldrei upplifað annan eins dónaskap“

Í ferlinu fékk Kristján viðtal hjá Jóni Ingvari Pálssyni, forstjóra IHS, til að semja um kröfuna. Sú framkoma sem Kristján varð fyrir á þeim fundi telur hann fráleita:

„Allt í einu kemur hann með Braga Axelsson á fundinn, án þess að ræða það við mig, en ég var ekki kominn til að hitta hann,“ segir Kristján og var honum mjög brugðið við þetta. Kristján hafði þegar átt í samskiptum við Braga símileiðis sem honum þótti ein-kennast af hroka, yfirgangi og dónaskap af hálfu Braga. Kristján segir að soðið hafi upp úr á þessum fundi og telur framkomu Braga hafa verið með ólíkindum. Eru það algeng ummæli um forstöðumanninn á Ísafirði eins og kemur fram víðar í þessari grein og fyrri umfjöllun DV um stofnunina.

Hlutverk Innheimtustofnunar

Rétt er hér að staldra við og minna lesendur á að hlutverk IHS er vissulega að innheimta meðlag með árangursríkum hætti og eðlilegt er að foreldrar sem ekki ala upp börn sín greiði því foreldri sem stendur straum af uppeldi þeirra meðlag. Meðlag með barni til 18 ára aldurs er 34.362 krónur á mánuði. Foreldri með forsjá er tryggð þessi upphæð af hálfu ríkisins en hlutverk IHS er að endurheimta það sem út af ber til ríkissjóðs. Flest okkar þekkjá einhverja eða hafa heyrt um einhverja sem skulda háar fjárhæðir í barnsmeðlög. Fólk getur rétt ímyndað sér hversu miklir hagsmunir hér eru í

húfi fyrir ríkið og hvað það er mikilvægt að fyrir hendi sé skilvirk og eftir atvikum hörð innheimtustarfssemi varðandi þessar skuldir. En getur verið að stofnunin fari stundum offari? Dæmið um loðdýrabóndann í Skagafirði hér að framan er til vitnis um það, þar sem stofnunin virðist brjóta gegn eigin reglum og ganga fram af mikilli óbilgírni.

Á heimasíðu IHS er ágætlega upplýsandi kafli (spurningar og svör) um meðlag. Þar segir meðal annars:

„Í greiðsluferfiðleikum eru ýmis úrræði í boði fyrir meðlagsgreiðendur. Umsóknnum er skilað inná Mínnum síðum eða með umsóknareyðublaði sem finna má á heimasíðunni ásamt síðasta skattframtali umsækjanda og afriti þriggja síðustu launaseðla. Nánari upplýsingar veitir starfsfólk stofnunarinnar.“

Að teknu tilliti til þessa er margt sem bendir til þess að viðhorfið til meðlagsgreiðenda sé of neikvætt innan stofnunarinnar. Það hafa bæði meðlagsgreiðendur bent DV á (og vissulega eru þeir ekki hlutlausir) en einnig fyrrverandi starfsmenn.

„Ég hef aldrei kunnað að meta baktal“

„Það er hlegið að fólki sem á virkilega erfitt og er að biðja um náð og miskunn til að rétta sig af. Ég man til dæmis eftir þegar lögfræðingur hjá stofnuninni sagði frá þessum bölvada aumingja sem var að semja um barnsmeðlagið sitt og svo var hann bara grenjandi í símanum, eða eitthvað á þá leið.“

Þetta segir Hulda Ósk Eysteinsdóttir, fyrrverandi starfsmaður IHS. Hulda starfaði hjá stofnuninni í Reykjavík á um það bil eins og hálfis árs tímabili, frá seinni hluta 2006 og inn á árið 2008. „Ég sagði upp korteri fyrir hrun,“ segir Hulda sem rekur snyrtistofu í dag og gengur vel. Hún varð hins vegar atvinnulaus um skeið eftir að hafa sagt upp störfum hjá IHS og verið neitað um meðmæli frá stjórnendum stofnunarinnar.

Hulda segir að henni hafi liðið illa allan sinn starfstíma hjá stofn-

uninni, annars vegar vegna þess hvernig stjórnendur og annað starfsfólk töluðu um meðlagsgreiðendur og hins vegar vegna þess að hún sjálf var lögð í einelti – að hennar sögn.

„Ég fór alltaf ein í kaffi og mér var aldrei boðið að vera með í neinu, til dæmis ef safnað var saman í afmælisgjöf handa einhverjum, þá var ekki leitað til mín, en til allra annarra. Svo var þískrað og baktalað, þú finnur þegar verið er að þískra um þig,“ segir Hulda sem leitaði bæði til verkalyðsfé-

lags síns og til páverandi forstjóra stofnunarinnar vegna eineltisins, en „það vildi enginn gera neitt í þessu“.

„Þegar ég hringdi eftir að ég hafði sagt upp og bað um meðmæli var bara sagt þvert nei og skellt á,“ segir Hulda sem starfaði í móttöku IHS í Lágmúla 9.

Svo virðist sem samúð hennar með meðlagsgreiðendum hafi unnið gegn Huldu á vinnustaðnum og átt þátt í meintu einelti gegn henni, ef miðað er við frá-sögn hennar:

„Ég hef aldrei kunnað að meta baktal og yfirleitt geng ég burtu þegar verið er að tala illa um fólk. Þarna kom fólk að reyna að semja um skuldirnar sínar og það komu upp alls konar mál, til dæmis að barn skipti um föðurnafn en faðirinn þarf samt að borga fullt meðlag – alls konar mál – og það var alltaf verið að gera lítið úr þessu fólki á vinnustaðnum,“ segir Hulda.

„Ég var skömmuð fyrir að vera of lengi í símanum og hlusta á fólk,“ segir Hulda, sem segist ekki hafa þolað við í því andrúmslofti sem hún segir hafa ríkt innan stofnunarinnar.

Hæddust að meðlagsgreiðanda í FB-hópi

Nokkuð athyglisvert og óvenjulegt er að starfsfólk IHS og makar þess eru með sameiginlegan Facebook-hóp, Starfsfólk IS og makar. DV hefur undir höndum skjáskot úr hópnum sem gæti verið nokkuð lýsandi fyrir viðhorfið til meðlagsgreiðenda á meðal starfsfólks stofnunarinnar:

Starfsmaður tekur ljósmynd af bíl meðlagsgreiðanda sem er að aka burtu frá höfuðstöðvum IHS í Lágmúla og deilir í hópnum með orðunum:

„Bara venjulegur dagur í Lágmúlanum. Þessi á rauða bílnum var að sækja um frest.“

Margir starfsmenn setja síðan „læk“ eða hlátursmerki við færsluna. Meðal þeirra er forstjórinn, Jón Ingvar Pálsson, sem setur hlátursmerki við. ▶

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM
BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS

Suðurlandsbraut 14 • 108 Reykjavík • Sími 588 0188 • slysabaetur@slysabaetur.is



Bragi Axelsson, forstöðumaður IHS á Ísafirði

Var látin skrifa fárveik undir starfslokasamning

Ríkey Garðarsdóttir starfaði sem aðalþóttari hjá IHS á árunum 2007 til 2013.

„Jón Ingvar Pálsson, forstjóri IHS, og ég vorum góðir samstarfsfélagar og vinir áður en hann varð forstjóri og mér þótti alltaf vænt um hann. Ég veit að ég var góður starfsmaður, fær í mínu starfi og afar samviskusöm. Ég var einnig trúnaðarmaður starfsfólks í mörg ár og í skemmtinefnd IHS. Í gegnum árin komu nokkrir að máli við mig sem trúnaðarmann varðandi óánægju á vinnustað en því miður var aldrei hægt að vinna úr þeim málum þar sem viðkomandi einstaklingar létu mig lofa að segja ekki forstjóranum frá þessu. Vildu greinilega bara létta á sér. Mér fannst það bara ekki nóg og ég leit- aði ráða hjá starfsmannafélaginu. Þar var mér tjáð að það væri ekkert hægt að gera ef forstjórinn mætti ekki vita hver væri að kvarta. Þetta var vítahringur,“ segir Ríkey.

Ríkey veiktist illa síðasta starfs-

árið sitt hjá stofnuninni. Var hún nokkuð frá vinnu vegna veikinda. Í september árið 2013 var Ríkey kölluð til forstjórans fárveik til að skrifa undir starfslokasamning.

„Það varð mér mikið áfall þegar forstjórinn hringdi í mig heim í september 2013 þar sem ég var mjög veik og bað mig að koma hitta sig daginn eftir og skrifa undir starfslokasamning. Þegar ég kom á staðinn hafði skrifstofustjóri orð á því hvað ég væri veikluleg og greinilega með bullandi hita og ætti að vera heima. Ég hafði verið mikið veik og gengið á milli lækna til að reyna að finna út hvað am- aði að mér, en enginn gat fundið út úr því. Verkir, vanlíðan og hiti voru að gera út af við mig og ástandið fór bara versnandi. Ég greindi Jóni Ingvari og næstu yfirmönnum mínum ávallt frá stöðu mála. Ég var hætt að geta sofði vegna verkja og það var alveg sama til hvaða lækni ég fór, enginn gat fundið út hvað var að.

Ég spurði Jón hvort við gætum ekki beðið með þessa uppsögn.

Það væri greinilega eitthvað mikið að mér og mér fundist ósann- gjarnt að láta mig fara á þennan hátt. Hann sagði að skrifstofustjóri og aðstoðarskrifstofustjóri hefðu sett honum stólinn fyrir dyrnar og sagt honum að láta mig fara, þetta gæti ekki gengið svona lengur, ég væri svo mikið frá að það væri ekki hægt að bjóða samstarfsmönnum mínum upp á þetta.“

Ekki var nóg með að að Ríkey væri rekin og það væri að hennar mati mjög ósanngjörn ákvörðun, heldur voru starfslokinn niðurlægj- andi, miðað við þessa lýsingu:

„Það var einnig rosalega sárt þegar hann bað einn samstarfs- mann minn þarna, sem einnig var góður vinur minn og hans reyndar líka, að standa yfir mér á meðan ég tæmdi skrifstofuna mína, og skrifa kveðjuorð til samstarfsfélaga í gegnum tölvupóst. Mér fannst það einkennileg framkoma eftir öll þau ár sem ég hafði verið þarna og mér leið mjög illa yfir því að vera ekki treyst fyrir því að ganga frá minni skrifstofu ein. Það síðasta sem Jón

Ingvar sagði við mig var: „Ekki verða ókunnug, Ríkey mín, komdu og líttu á okkur hvenær sem þú vilt.“ Ég hef ekki stigið fæti þarna inn eftir þennan dag og mun sjálf- sagt aldrei gera það.

Rétt um tveimur vikum síð- ar var ég flutt nær dauða en lífi á sjúkrahús og í aðgerð. Þar kom skýring á mínum miklu veikindum og verkjum en fyrir aðgerðina tjáði einn samstarfsmanna mér að það væri talað um hjá IHS af yfirmön- num að ég væri ekkert veik, væri bara að ná mér í veikindadaga. Ég hef alla mína ævi unnið hörðum höndum og hafði aldrei verið sagt upp áður, þannig að þetta varð mér gríðarlegt áfall og svo bættist við að ég hafði ekki mátt né heilsu til að berjast á móti. Það tók mig afar langan tíma að vinna úr þessu áfalli og þurfti ég hjálp fagaðila til þess.“

Ríkey segist glöð í dag yfir að vera fyrir skilin að skiptum við IHS og segir margt óheilbrigt við starfsandann og stjórnunarstílinn innan stofnunarinnar:

„Það var endalauzt baktal í flest- um herbergjum, hvort tveggja um starfsfólk og meðlagsgreiðendur. Óþolandi og andstyggileg um- mæli um meðlagsgreiðendur voru oft látin falla. Flestir voru tiplandi á tánum í kringum forstjóran, all- ir vildu hafa hann góðan.“

Um Braga Axelsson, sem núna er forstöðumaður IHS á Ísafirði, segir Ríkey:

„Mér fannst Bragi frá upphafi vera ruddi og hrokagikkur. Hann ætlaði að sanna tilvist sína hjá IHS með frekju og yfirgangi við meðlagsgreiðendur og hala inn peninga fyrir stofnunina. Stjórna starfsfólki sínu eins og honum er einum lagið. Hann virðist ekki vita að góð samskipti eru forsenda vellíðunar á vinnustað. Hann kann ekki að koma fram við aðra af kurteisi og vinsemd. Það þurfti að kenna honum að tillitssemi er dyggð. Og það er nokkuð ljóst að fleiri þarna mættu taka það til sín.“

Hellti sér yfir starfsfólk vegna lélegrar útkomu í starfs- ánægjukönnun

Ríkey greinir frá sérstæðum við- brögðum stofnunarinnar við lakri útkomu í viðhorfskönnun starfs- manna. Starfsmannafélag Reykja- víkurborgar sendi starfsfólki spurningalista í tengslum við val á stofnun/fyrirtæki ársins innan borgarkerfisins. Leitast var eftir viðhorfi félagsmanna til vinnu sinnar og yfirmanna, líðan þeirra í starfi, starfsumhverfi, tækjabúnaði og hvernig samskiptum væri hátt- að á vinnustaðnum. Ríkey segir:

„Það er skemmst frá því að segja að IHS kolféll í þessari könnun og

var nálægt 50. sæti. Forstjórinn varð fokillur og á næsta starfs- mannafundum hraunaði hann yfir okkur öll. Sagði að ef við værum svona óánægð þá gætum við bara farið og það væri kannski bara best að hann hætti að berjast fyrir því að IHS fengi að starfa áfram í óbreyttri mynd en ekki undir TR eins og áætlað var. Hann var mjög reiður og sagði að hann hefði ekki áhuga á að gefa okkur brauð, ost og álegg á starfsmannafundum, við ættum það ekki skilið. Ég var næstum því búin að skella upp úr þarna. Hverjum er ekki sama um ost eða brauð?“

Þess má geta að annar starfs- maður frá þessum tíma sem sat umræddan fund hefur staðfest þessa frásögn Ríkeyjar við DV.

IHS fékk allt aðra niðurstöðu í sams konar könnun ári síðar, að sögn Ríkeyjar:

„Ári seinna var aftur sama könnun. Þrátt fyrir engar breytingar hjá fyrirtækinu á þessu ári sem liðið var þá varð samt heldur betur breyting í þessari könnun. Ég fékk símtal frá starfs- mannafélaginu og mér var tjáð að ég og forstjórinn ættum að mæta á Nordica Hótel þar sem það væru nokkuð góð tíðindi fyrir okkur og að forstjórinn yrði afar glaður. Við mættum, auk Braga og eins annars starfsmanns. Við vorum hástökkvarar ársins, lentum í 7. sæti. Í tilefni þess var boðið upp á köku með morgunkaffinu.“

Sú spurning vaknar hvort starfsánægja hafi aukist í fyrir- tækinu á tímanum sem þarna leið á milli kannana eða hvort hörd viðbrögð við niðurstöðu fyrri könnunar hafi haft áhrif á hvernig starfsfólkið svaraði spurningalist- anum næst. Ríkey er ekki í nein- um vafa um þetta eins og að fram- an greinir.

Tjá sig ekki um mál einstakra starfsmanna

DV hefur áður greint frá því að Innheimtustofnun hafi hafnað ásökunum með öllu. Í svarinu sem DV hefur áður birt segir meðal annars:

„Stofnunin getur almennt ekki tjáð sig um mál einstakra starfs- manna.“

Og enn fremur:

„Hvað starfsmannaveltu varð- ar, að á um níu ára tímabili, frá 2010 er núverandi forstöðumað- ur á Ísafirði hóf störf hjá stofnun- inni, hafa alls 4 starfsmenn látið af störfum á umræddri starfsstöð, einn 2013, annar 2014, þriðji 2015 og svo síðasti 2018. Alls starfa 8 manns á starfsstöð stofnunarinn- ar á Ísafirði í fullum störfum, auk afleysinga- og sumarstarfsfólks.“ ■

GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Pantaðu grænu tunnuna í síma
577-5757 eða www.igf.is/panta

Pappír, pappa, plast og minni málmhluti
má setja beint í tunnuna - Muna að skola

Hugsum áður en við hendum!

BALDURSGARÐUR 7



Eignasala.is kynnir:

Baldursgarður 7,
230 Reykjanesbæ
Einbýlishús á einni hæð
ásamt bílskúr á mjög
eftirsóttum stað í
Keflavík Reykjanesbæ.



Birt stærð eignar er 189,9
m² þar af er íbúð skráð
142,3 m² og bílskúr 47,6
m². Að auki er búið að
byggja yfir upb. 20 m²
aukarými útaf eldhúsi.



Einbýli 5 herb. 189,9 m² kr. **57.900.000**

BAUGHOLT 15



Eignasala.is kynnir:

Baugholt 15,
230 Reykjanesbæ
5 herbergja einbýli
ásamt bílskúr á mjög
eftirsóttum stað í
Keflavík. Grunnskóli,
framhaldsskóli og
íþróttamannvirki í
göngufæri.
Birt stærð eignar er
192,3 m² þar af er
íbúð 137,7 m² og
bílskúr 54,6 m²



Einbýli 5 herb. 192,3 m² kr. **49.800.000**

BIRKITEIGUR 8



Eignasala.is kynnir:

Birkiteigur 8,
230 Reykjanesbæ
5 herbergja einbýlishús
á tveimur hæðum



ásamt bílskúr.
Birt stærð eignar er
159,7 m² þar af er íbúð
skráð 120 m² og
bílskúr 39,7 m².



Einbýli 5 herb. 159,7 m² kr. **41.000.000**

LYNGBRAUT 12



Eignasala.is kynnir:

Lyngbraut 12, 250 Garði
Einbýlishús á einni hæð
með bílskúr.
Birt stærð eignar er



188,8 m² þar af er íbúð
skráð 140,8 m² og
bílskúr 48,0 m²
6 herbergja einbýli
ásamt bílskúr sem hefur
verið innréttaður sem 3
herbergja íbúð.



Einbýli 5 herb. 188,8 m² kr. **37.500.000**

Júlíus M. Steinþórsson
Löggiltur fasteigna- og skipasali
S:899-0555

Jóhannes Ellertsson
Löggiltur fasteigna- og skipasali
S:864-9677

HARÐRÆÐI LÖGREGLUNNAR

Fjöldmörg dæmi um ofbeldi og offors lögreglu undanfarna áratugi
Pónokkur mál hafa endað með sakfellingu

Auður Ösp Guðmundsdóttir
 audur@dv.is



Embætti héraðssaksóknara rannsakar um þessar mundir mál 25 ára konu sem lést fyrir í mánuðinum eftir afskipti lögreglu. Foreldrar stúlkunnar hafa gagnrýnt vinnubrögð lögreglumanna vegna atviksins og telja að röngum aðferðum hafi verið beitt.

Undanfarna áratugi hafa fjöldmörg mál komið upp þar sem lögreglan er gagnrýnd fyrir harðræði og röng vinnubrögð. Ekki þarf að leita lengra aftur í tímann en til upphafs þessa mánaðar til að finna dæmi um slíkt, en þá var lögreglumaður hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sakfelldur fyrir líkamsmeiðingu af gáleysi, en sýknaður af ákæru fyrir brot í opinberu starfi. Lögreglumaðurinn kom að handtöku ölvaðs manns fyrir utan Hamborgarabúlluna í Kópavogi fyrir tveimur árum þar sem hinn handtekni, brotapolinn í málinu, tvífótbrotnaði. Samkvæmt skýrslu réttarmeinafræðings er líklegast að áverkar mannsins hafi komið til þegar bílhurð var skellt á fætur hans, en vitni að atvikinu sögðu mikið offors hafa einkennt handtökuna.

Myndband vakti umtal og reiði
 Í júlí 2013 var lögreglumaður á höfuðborgarsvæðinu leystur undan vinnuskyldu vegna harkalegrar handtöku á Laugavegi, sem hann stóð að ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum. Fórnarlambið var 29 ára kona sem starfaði sem rekstrarstjóri. Myndband sem náðist af handtökunni fór hratt um



Skafti Jónsson ræddi við DV á sínum tíma. Ljósmynd/Tímarit.is



netheima og vakti hörð viðbrögð í samfélaginu.

Í upphafi myndbandsins sést konan standa fyrir framan lögreglubíl á Laugaveginum og svo virðist sem hún neiti að víkja af götunni til að greiða götu hans. Hún gengur svo að bílnum og á í orðaskiptum við lögreglumanninn sem situr undir stýri. Lögreglumaðurinn stuggar við konunni með bílhurðinni, stekkur stuttu seinna út úr bílnum, grípur um handlegg konunnar og hendir henni aftur á bak með þeim afleiðingum að hún skellur harkalega á bekk. Lögreglumaðurinn sést því næst draga konuna eftir jörðinni stuttan spöl. Hann snýr síðan upp á handlegginn á henni



Handtakan á Laugavegi náðist á myndband sem í kjölfarið fór hratt um netheima. Hér má sjá skjáskot úr myndbandinu. Ljósmynd/Tímarit.is



og þrýstir hné á háls hennar þar sem hún liggur á jörðinni.

Tveir aðrir lögreglumenn aðstoða hann síðan við að koma konunni inn í bíl.

Í frétt DV á sínum tíma kom fram að samkvæmt heimildum blaðsins hafi ástæða ofsafenginna viðbragða lögreglumannsins verið sú að konan hrækti á hann í miðjum orðaskiptum.

Í samtali við mbl.is varði Snorri Magnússon, formaður Landsambands lögreglumanna, handtökuna og sagði að þarna hefði verið beitt svokallaðri norski handtökuaðferð. Málið rataði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem tekist var á um hvort aðferðir lögreglumannsins við handtökuna hefðu verið réttmætar.

Fyrir dómnum sagði lögreglumaðurinn að handtakan hefði verið „fumlaus“ og „nauðsynleg til að koma í veg fyrir frekara ofbeldi.“ Í desember 2013 var lögreglumaðurinn dæmdur til að greiða 300 þúsund krónur í sekt vegna málsins. Rúmlega ári síðar þyngdi Hæstiréttur refsinguna og dæmdi lögreglumanninn í 30 daga skil-orðsbundið fangelsi auk þess sem honum var gert að greiða konunni 430 þúsund krónur í miskabætur.

Var það mat Hæstaréttar að lögreglumaðurinn hefði farið offari við handtökuna. Ekki hefði verið þörf á að setja konuna í handjárn með þeirri aðferð sem gert var, né að setja hana í lögreglubifreiðina með þeim hætti sem gert var.

Fórnarlambið missti meðvitund

Undanfarna áratugi hafa nokkur mál sem varða harðræði lögreglu ratað fyrir dómstóla og endað með sakfellingu.

Árið 1990 var Steinn Jakob Ólason lögreglumaður ákærður, og síðar sakfelldur, fyrir að brot í opinberu starfi og líkamsmeiðingar. Fórnarlambið í handtökunni, Sigurður Kaldal, var á leið til heimilis síns aðfaranótt 27. desember 1990. Hann var stöðvaður af lögreglu á horni Bergþórugötu og Frakkastígs þar sem lögreglan hafði afskipti af hópi manna. Var Sigurður beðinn um að fara aðra leið heim til sín en hann þráaðist við og vildi halda sínu striki.

Steinn Jakob var ákærður og sakfelldur fyrir að hafa tekið Sigurð kverkataki svo að Sigurður missti meðvitund. Steinn Jakob dró Sigurð því næst meðvitundarlausan til baka í átt að lögreglubíl. Þegar hann átti skammt ófarið að lögreglubílnum slepti hann takinu á Sigurði, þannig að andlit hans skall í götuna með þeim afleiðingum að hann bólgaði og skrámaðist í andliti auk þess sem sjö tennur í efri og neðri gómi brotnuðu.

Í úrskurði Sakadóms Reykjavíkur frá 8. maí 1991 kemur fram að „þrátt fyrir að Sigurður Kaldal hafi ekki sinnt boðum lögreglu sýndi hann í engu af sér háttsemi sem kallaði á svo harkaleg viðbrögð ákærða enda hafi ákærða

„Ég skil ekki svona framkomu hjá lögreglunni“

verið í lófa lagið að leysa málin á annan veg, til dæmis með því að kalla á aðstoð félaga sinna sem voru margir á vettvangi.“ Steinn Jakob hlaut þriggja mánaða skil-orðsbundinn fangelsisdóm vegna málsins.

„Átti fullt í fangi með að hemja óðan mann“

Árið 2009 var lögreglumaðurinn Garðar Helgi Magnússon ákærður fyrir brot í opinberu starfi og líkamsárás sem átti sér stað að morgni sunnudagsins 18. janúar það ár.

Garðar Helgi var sakaður um að hafa farið offari við framkvæmd lögreglustarfans og ekki gætt lögmætra aðferða þegar hann fyrirskipaði öðrum lögreglumanni að aka með 22 ára gamlan handtekinn mann frá Austurstræti út á Granda í Reykjavík þar sem maðurinn var skilinn eftir.

Þá var Garðar ákærður fyrir að hafa þrýst hné sínu á háls mannsins, þar sem hann lá handjárnnaður á maganum á gólfi lögreglubifreiðarinnar. Hinn handtekni hlaut í kjölfarið marbletti aftan á hálsi. Garðar var hins vegar sýknaður af þessum lið ákærunnar þar sem Hæstiréttur taldi að hann hefði átt „fullt í fangi með að hemja óðan mann sem braust um og sparkaði frá sér.“

Garðar neitaði sök í málinu en fyrir dómi sagði hann að ungi maðurinn sem handtekinn var hefði verið með ólæti og hefði honum því verið ekið út á Granda í því skyni að „róa hann niður.“

Í frétt DV í nóvember 2009 kom fram að Garðar væri enn við störf sem lögreglumaður hjá Ríkislögreglustjóra þrátt fyrir að málið væri fyrir dómstólum. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp sýknudóm en þeim dómi var síðan hnekk í Hæstarétti í nóvember 2010. Var Garðar Helgi þá fundinn sekur og dæmdur í tveggja ára skil-orðsbundið fangelsi.

Blóðpollur á gólfinu

„Skaftamálið“ svokallaða vakti mikla athygli snemma á ▶


Erfidrykkja

KAFFIHLAÐBORD ÝMSAR ÚTFÆRSLUR, PINNAMATUR,
 SMURT BRAUÐ, TERTUR, O.FL. FÜRIR ERFIDRYKKJUNA
 HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Afgreitt á einnota fötum
 tilbúið á borðið

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS



NÝ VÖRULÍNA LÝSI LIFE





Linda á forsíðu DV. Ljósmynd/Tímarit.is

Áður en ég veit af er ég síðan bara kominn gólfíð



núnda áratugnum og hrundi af stað þarfri umræðu um lögreglu- ofbeldi í samfélaginu.

„Ég var settur í handjárn með hendur fyrir aftan bak, hent inn í lögreglubílinn og beint á magann. Einn lögregluþjónanna kom síðan inn í bílinn til mín. Hann setti annað hnéd í mjóhrygg minn og togaði því næst í hárið á mér. Síðan byrjaði hann að berja andliti mínu trekk í trekk í gólfíð. Og fyrr en varði var andlitið orðið ein blóðhella og stór blóðpollur myndadist á gólfinu,“ sagði hinn 27 ára gamli Skafti Jónsson blaðamaður í samtali við DV í desember 1983 en hann hafði þá kært þrjá lögregluþjóna fyrir misþyrmingar við handtöku sem átti sér stað fyrir utan Þjóðleikhúskjallarann.

Lýsti Skafti því þannig að röð atvika hefði leitt til þess að tveir dyraverðir réðust á hann að ósekju. Þegar hann hefði veitt viðnám voru viðbrögð dyravarðanna að kalla á lögreglu sem mætti á staðinn og handtók hann að ástæðulausu.

„Komdu með okkur upp á stöð,“ sögðu þeir. Ég svaraði þeim að ég hefði ekkert til saka unnið og ætti ekkert erindi þangað. Þá skipti engum togum að þeir keyrðu mig nið-



ur á afgreiðsluborðið og handjárninu mig. Þeir þjósnuðu mér síðan út í bíl. Ég var ófús og streitist á móti,“

sagði Skafti í samtali við DV á sínum tíma. Hann sagðist hafa verið beittur ofbeldi af hálfu lögreglunnar og þurft að þola mikið harðræði þegar á lögreglustöðina var komið.

Lögreglumennirnir þrír voru síðar meir ákærðir fyrir ólöglega handtöku, brot í opinberu starfi, harðræði og líkamsmeiðingar. Þeir voru sýknaðir í héraðsdómi en Hæstiréttur taldi hins vegar sannað að Skafti hefði hlotið meiðsli eftir að hann var fluttur í

handjárnnum í lögreglubifreið þar sem hann var látinn liggja á grúfu á gólfinu. Lögreglumaðurinn sem sat aftur í með Skafta var því sakfelldur vegna málsins og dæmdur til greiðslu miskabóta auk sektargreiðslu til ríkissjóðs.

„Hræðileg niðurlæging“

Það vakti gríðarlega athygli í árslok 1994 þegar athafnakonan og alheimsfegurðardrottningin fyrrverandi, Linda Pétursdóttir, steig fram í viðtali við DV og lýsti því þegar hún var handtekin og flutt á lögreglustöð ásamt þáverandi unnusta sínum, Lee Robertsson. Sagðist hún hafa þurft að þola mikið harðræði og niðurlægingu af hálfu lögreglunnar.

Forsaga málsins var sú að tilkynning barst til lögreglu um að Les hefði ekið á kyrrstæðan bíl og síðan horfið á braut. Sú kæra reyndist síðar meir ekki á rökum

reist. Fyrr um kvöldið hafði parið verið úti að skemmta sér ásamt fleirum og þar lenti Les í útistöðum við eiganda bílsins. Eftir að tilkynningin barst til lögreglu voru bæði Les og Linda handtekin fyrir utan veitingastaðinn Marhaba.

Einn lögreglumannanna sem komu að handtökunni ritaði í skýrslu að Linda hefði ruðst inn í lögreglubílinn eftir að sambýlismaður hennar var handtekin. Upptökur af fjarskiptum á milli lögreglubíla þóttu hins vegar benda til annars og í kjölfarið vöknudu grunsemdir um að Linda hefði verið handtekin að ástæðulausu vegna þess að hún var umtöluð og áberandi í samfélaginu. Í lögregluskýrslu var því meðal annars haldið fram að Linda hefði „bitið og klórað.“

Linda lýsti atburðarásinni á lögreglustöðinni meðal annars þannig: „Fyrst var ég ofboðslega hrædd því ég vissi ekki hvað var að gerast. Síðan varð ég reið þegar þeir fóru að taka á mér. Ég kallaði á Les og sagði að þeir væru að meiða mig. Þeir beygðu mig fram á borðið og sneru upp á höndina á mér, ég var í stuttu pils og þetta var alveg hræðileg niðurlæging. Þeir skipuðu mér að hætta að öskra og þegar ég hélt því áfram þá tóku þeir fyrir munninn á mér. Stuttu síðar fékk ég svo fótinn á honum í afturendann á mér og hann sagði að þó að ég væri Linda P. þá væri ég ekkert merkilegri en annað fólk.“

Í samtali við DV á sínum tíma sagðist Linda ekki skilja hvað vakti fyrir lögreglumönnum og benti á þeir hefðu verið tvísaga í framburði sínum af atviki. Fyrst hefðu þeir haldið fram að hún hefði verið dauðadrukkin, en svo hefðu þeir sagt í skýrslu að hún hefði verið ódrukkin „en þó undir annarlegum áhrifum.“ Þá undraðist Linda mjög að ekki var tekin af henni blóðprufa á lögreglustöðinni. „Ég skil ekki svona framkomu hjá lögreglunni. Hún er að reyna að koma því inn hjá fólki að ég sé í eiturlyfjum. Það er verið að reyna að sverta mann-orð mitt og gera mig að einhverri ljótri manneskju, sem mér finnst ég ekki eiga skilið,“ sagði Linda meðal annars.

Þá kom jafnframt fram að Linda væri með sjáanlega áverka eftir aðgerðir lögreglunnar, væri meðal annars marín á bakhlutanum, með bólgna hönd og verki í hálsi og baki.

Linda ræddi stuttu síðar aftur við DV og kom þá fram að hún hefði farið í lyfjapróf til að sanna sakleysi sitt.

Í kjölfar þessa lagði Linda

fram kærú á hendur lögreglunni fyrir meint harðræði, en lögreglan gagnkærði Lindu fyrir ofbeldi og fleira. Fram kemur í grein Stundarinnar í desember 2015 að Gísli Gíslason, lögmaður Lindu, hafi á sínum tíma farið á fund með Bødvari Bragasoni lögreglustjóra þar sem gerð var sátt um að falla frá ákærum á báða bóga. „Við sam-mæltumst um að það væri engum í hag að halda þessum málum áfram.“

Sagði lögreglumennina hafa verið með yfirgang

Linda er ekki eini nafntogaði Íslendingurinn sem hefur neikvæða sögu að segja af samskiptum sínum við lögregluna. Í júlí 2010 lenti Ellen Kristjánsdóttir söngkona í átökum við lögregluna í mótmælum fyrir utan Seðlabankann. Leitaði hún í kjölfarið á bráðamóttöku og sagði lögregluna hafa snúið upp á handlegg hennar.

Í samtali við Vísi sagðist hún hafa hafa setið við inngang Seðlabankans þegar lögregla kom að henni og sneri fyrirvaralaust upp á handlegg hennar. Ellen var þó ekki handtekin. Í samtali við mbl.is sagðist hún vera „blá og marín eftir viðskipti sín við lögregluna. Sagðist hún hafa setið við inngang hússins og neitad fyrir mælum lögreglumanns sem sagði henni að færa sig. Sagði hún lögreglumanninn hafa snúið upp á handlegg hennar og fært hana frá. Hann hefði síðan skeytt engu þegar aðrir mótmælendur brugðust við og sögðu honum að biðja Ellen afsökunar. Ellen tók undir að viðbrögð lögreglumannsins hefðu verið til-efnislaus. „Já, eiginlega. Ég er nú voðalega friðsöm.“

Árið 2015 sakaði Oddur Hrafn Björgvinsson, betur þekktur sem Krummi í Mínus, lögregluna um óþarfa harðræði við handtöku. Í júní 2013 var lögreglan kölluð að heimili Krumma eftir að nágrannar kvörtuðu undan háværi tónlist. Í kjölfarið var Krummi handtekin fyrir að sparka í fót lögreglumanns. Hann var í kjölfarið ákærður og sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni en fyrir dómi sagði hann lögreglumennina hafa verið „dónalega og með yfirgang.“

„Mér fannst tími til kominn að þeir færu, þeir voru búnir að vera með dónaskap og yfirgang við mig og vinkonu mína þarna inni á mínu heimili. Áður en ég veit af er ég síðan bara kominn gólfíð, þeir skella mér harkalega niður, tóku mjög fast á mér og handjárn-uðu mig harkalega.“ ■

J&S Watch co.
REYKJAVÍK



VELDU ÚR MEÐ SÁL
FRISLAND 1941

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



KOBBÍ

-Öll almenn verktakavinna fyrir hús og garða-

HELLULAGNIR

PALLASMÍÐI

JARÐVEGS FLUTNINGUR

GRÖFUR VINNA OFL.



kobbi.is



kobbief



kobbief

Sólvöllum 3 • 800 Selfossi • kobbief@gmail.com • Sími 770 2722

Íslenskar konur í lögmennsku lýsa mismunun, fordómum og fyrirlitningu

Konur í lögmennsku sæta oft óvægari og harðari gagnrýni en karlar
Fá ekki að vera með í „karlklúbbnum“

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Ung íslensk kona sem starfar sem lögfræðingur hér á landi segist hafa orðið vör við að sumir skjólstæðingar séu að leita að hörðum lögmanni og efist um að kona, sérstaklega ung kona, geti verið hörð. Önnur segir að sem kona þurfi hún að leggja meira á sig en karlkyns kollegar hennar til að hafa rödd. Enn ein nefnir sem dæmi að hún hafi fengið að heyra athugasemdir á borð við: „Vinur minn sagði að það væri langbest að vera með karlkyns lögmanni, þeir eru svo miklir hákarlar“.

Konurnar þrjár voru meðal viðmælenda Birnu Gísladóttur í tengslum við lokaritgerð hennar til MS-gráðu í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Viðfangsefni ritgerðarinnar er konur í lögmennsku á Íslandi og upplifun þeirra af því að sitja við samningaborðið.

„Það sem kom mér helst á óvart er að það sé enn til staðar aðstöðumunur kynjanna, að konur virðast oft og tíðum þurfa að sanna sig frekar en karlmenn til þess að öðlast rödd og þær sæta harðari gagnrýni, jafnvel óvæginni,“ segir Birna í samtali við DV. Í tengslum við rannsóknina ræddi Birna við níu íslenskar lögfræðimenntaðar konur og tekur hún fram að um sé að ræða persónulega upplifun kvennanna og því sé ekki hægt að alhæfa slíkt um lögmennastéttina.

Birna segir að svo virðist sem konur þurfi oft og tíðum að leggja meira á sig en karlmenn til þess að öðlast traust, trúverðugleika og framgang.

„Ég stóð í þeirri meiningu að við værum komin lengra varðandi jöfn tækifæri kynjanna og viðhorf samfélagsins, en gamalgrónar hugmyndir um kynin og einhver stemning sem við höfum ekki náð að losna við, virðast orsaka þennan veruleika sem konur búa við. Þrátt fyrir að miklar breytingar hafi vissulega náð fram að ganga er viðskiptalífið enn mjög karllægt sem aftur viðheldur þessum aðstöðumun kynjanna að mínu mati.“

Flestar kvennanna sem Birna ræddi við sögðu konur oft dæmdar í harðara ljósi og margar tóku dæmi um að ákveðin kona væri talin „freakja“ eða að ekki væri hægt að vinna með henni ef hún sýndi festu og ákveðni.

„Kill them with kindness“

„Þetta er eitthvað sem ég rek mig stundum á, sérstaklega hjá eldri lögmönnum. Að ef það eru fleiri við borðið þá er horft framan í karlinn sem er hinum megin við borðið en ekki konuna sem situr hinum megin við borðið,“ segir einn af viðmælendum Birnu. Sama kona segir að í tengslum við Metoo-bylltinguna hafi hún leitt hugann meira að aðstöðumun kynjanna og orðið ljóst að hún hafi verið að „aðlaga sig að þeim leikreglum sem hafa verið í boði fyrir stelpur“. Þá talar hún um að konur „nýti sér kannski þá samningatækni að vera meira næs og lýsir aðferðinni sem „kill them with kindness“.

Ein kvennanna segist hafa upplifað að ekki sé hlustað á hana eða hún hunsuð en þá sýni hún festu, minni á sig og biðji viðkomandi að láta þetta ekki

koma fyrir aftur.

„Konur hafa átt erfitt uppdráttar í að láta hlusta á sig, þær þurfa svolítið að búa til virðingu og sanna sig, sem karlar fá kannski fyrir fram gefið.“

Strákarnir fengu „finu störf“

Einn af viðmælendum lýsir því hvernig mismunun kynjanna hefst strax í laganáminu.

„Strákar söguðu sig að prófessorum í lagadeild, aðstoðuðu þá og svo framvegis. En engin stelpa gerði það, því þá hefði hún fengið á sig þann stimpil að hún væri að reyna við viðkomandi prófessor. Þar af leiðandi fengu strákarnir finu meðmælin og finu störf, þannig að það tekur rosalega langan tíma að vinda ofan af þessu.“

Önnur lögfræðimenntuð kona sem rætt var við nefndi sem dæmi að hún hefði margoft lent í því að vera ekki svarað í tölvupóstum, heldur karlinum, ef um er að ræða hóppóst. Sagðist hún hafa verið svo lengi í faginu að hún væri hreinlega hætt að nenna að spá í þetta. Sagðist hún telja það almennt eiga við konur í lögmennastétt.

Þá kemur fram að margar kvennanna tali um að konur hafi almennt minni sveigjanleika og mæti minni skilningi, að þeim sé refsað frekar fyrir mistök á meðan karlar mæti meira umburðarlyndi hvað það varðar.

„Ef þú ert kona þá þarftu bara einu sinni að klúðra einhverju og þá ertu bara búin að vera.“

Þá nefna sumar kvennanna að



Birna Gísladóttir.

og frekari möguleika á stöðu-
hækkunum.

„Konur þurfa oft að leggja töluvert meira á sig og fá kannski ekki jafn mikið til baka. Það er bara staðreind.“

Þá kemur fram að það virðist vera mikil barátta kvenna í lögmennsku við að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Ein kvennanna sem rætt var við segir að lögmennastéttin sé „ein versta stétt hvað varðar töku fæðingarorlofs og fjarveru vegna fjölskyldu“.

„Þú átt rétt til að taka fæðingarorlof en þú veist að þú nýtur samt engra réttinda sem fulltrúi á lögmennsstofu. Þegar þú kemur til baka úr fæðingarorlofi þarftu aftur að byrja upp á nýtt og hafa mikið fyrir því. Ótrúlega lýjandi.“

Mega ekki sofna á verðinum

Í niðurstöðum rannsóknarinnar bendir Birna á að áhugavert væri að gera sambærilega rannsókn á körlum í lögmennsku til að kanna hvert viðhorf þeirra og reynsla er í tengslum við samningagerð.

„Eru karlar að mæta sömu áskorunum og nálgast þeir samningaviðræður með sama hætti eða eru aðrir hlutir sem þeir leggja áherslu á? Að sama skapi væri áhugavert að kanna hver þeirra upplifun er á menningu lögmennastéttarinnar og starfs-umhverfi. Hvaða áskoranir eru í þeirra vegi varðandi tækifæri og annað?“

Þá segir Birna að verkefnið hafi opnað augu hennar á þeim raunveruleika sem við búum við í dag hvað varðar jafnréttisbaráttu kynjanna á Íslandi. Hún hafi talið í upphafi að samfélagið væri komið lengra hvað varðar viðhorf og tækifæri kynjanna.

„Þótt viðhorf samfélagsins sé gríðarlega breytt til kynjanna í nútímanum erum við enn að glíma við kvenfyrirlitningu, eins og raun ber vitni ef Klaustursmálið er skoðað, sem kalla má mengandi eða skaðlega karlmennsku. Þá má einnig nefna áramótaskaupið 2018 þar sem aðstöðumunur kynjanna lék stórt hlutverk, sem endurspeglar þau mál sem eru í brennidepli í þjóðfélaginu,“ segir Birna og bætir við:

„Við megum ekki sofna á verðinum, við verðum að halda áfram að byggja upp samfélag þar sem ríkir jafnvægi á milli kynjanna á öllum sviðum.“ ■

EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni



PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

Fá ekki að vera með í „karlklúbbnum“

Þá tala flestar konurnar um að það halli á konur í tengslum við tengslanet og tækifæri, að tengslanetið sé oft sterkara hjá körlum. Félagar eða vinir af golfvöllinum, úr íþróttafélögum eða bara æskuvinir sem radast í stjórnunarstöður hjá fyrirtækjum og leita í félagana. Ein þeirra bendir á að margar viðskiptaákvarðanir séu til dæmis teknar í fótboltaferðum sem konur fá aldrei að fara í.

„Sem konu er þér ekki boðið í golfferðina eða veiðiferðina, það er bara karlklúbbur. Og ekki einu sinni spurt hvort viðkomandi kona spili golf eða veiði, bara gert ráð fyrir því að hún geri það ekki.“

Önnur lögfræðimenntuð kona telur að helsta hindrun kvenna í lögmennsku sé ímyndin af lögmönnum: að lögmenn séu bara jakkafataklæddir menn.

Flestar kvennanna telja að framgangur kvenna í stéttinni hafi verið frekar hægur og torveldur og konur þurfi að hafa meira fyrir því að komast áfram. Ein talar um að það sé „megn fnykur á köflum“ á hversu karllæg stéttin er. Önnur kona segir karla oft fá fleiri tækifæri, fái betri mál, betri tækifæri og frekar sénsa á allt

Stöðilegt SUMMAR

LED
HÚSNÚMÉR

HELLUHREINSUN.IS



PON



LUMEX.IS

REYKJAVÍKUR  BLÓM



Lífseigir rokkarar

Áratugir af sukki og svínarí

Nýlega þurftu hvor tveggja The Rolling Stones og Black Sabbath að fresta tónleikum vegna heilsufarsvandamála. Það ætti ekki að koma fólki á óvart í ljósi þess að meðlimir hljómsveitanna eru komnir á áttæðisaldur. Í rauninni er það ráðgáta að menn á borð við Keith Richards og Ozzy Osbourne séu enn á lífi eftir að

hafa plægt rokkakurinn áratugum saman.

Að vera rokkstjarna er ekki heilbrigðasti lífsstíllinn. Margar af þeim helstu hafa innbyrt allar tegundir eiturfylla og smitast af öllum kynsjúkdómum í bókinni. Í rauninni er það kraftaverk þegar þær ná ellilífeyrisaldri. Hér eru nokkrar af lífseigustu rokkstjörnum samtímans.



Mötley Crue

Árið 2001 kom út bókinn The Dirt, ævisaga glamrocksveitarinnar Mötley Crue, og á þessu ári kom út kvikmynd byggð á bókinni. Allir eru meðlimirnir enn þá á lífi, þeir Tommy Lee, Vince Neil, Nikki Sixx og Mick Mars. En bassaleikarinn Sixx lést í nokkrar mínútur árið 1987 og söngvarinn Neil slasaðist illa í bílslysi þar sem annar lést. Neil sat við stýrið, vel undir áhrifum áfengis og fíkniefna. Meðlimir Mötley Crue eru nú á sextugs- og sjötugsaldri.

slendingar hafa átt sínar rokkstjörnur sem glímt hafa við áfengi og sukk. Þó sennilega ekkert í líkingu við þá sem hér að framan eru nefndir. Hér eru þeir helstu.



Bubbi Morthens

Pönk- og rokkkóngurinn Bubbi hefur verið opinn um sína fíkn. Hann kynntist kókaíni árið 1982 og lenti illa í neyslu. Þá var hann skærasta stjarna íslenskrar tónlistar. Bubbi fór í meðferð og náði sér á strik.



Ozzy Osbourne

Ozzy var söngvari í Black Sabbath þegar þeir bjuggu til þungarokkið í upphafi áttunda áratugarins. Allir meðlimirnir lentu snemma í mikilli óreglu, eiturfylla og undarlegum uppákomum tengdum dulspeki. Eftir að hann var rekinn úr bandinu hóf hann vel heppnaðan sólóferil og þá jókst óreglan. Frægt var þegar hann beit höfuðið af leðurblöku. Dúfa lenti líka í tönnum á honum og maurar upp í nösina. Ozzy fagnaði sjötugsafmælinu í desember síðastliðnum.



Keith Richards

Hann lifir okkur öll er viðkvæðið um Keith Richards, gítarleikara The Rolling Stones. Hann er nú 75 ára gamall. Richards glímdi við heróínufíkn frá sjöunda áratugnum og komst oft í kast við lögin. Í dag segist hann aðeins nota áfengi og kannabis.

Pálmi Gunnarsson

Popparinn og bassaleikarinn Pálmi Gunnarsson gerði allt vitlaust með lögum á borð við Þorparann og Hvers vegna varst' ekki kyrr?. Auk þess söng hann með ICY-tríóinu í fyrstu Eurovision-keppni Íslendinga. Árið 1995 steig hann inn á Vog eftir mörg ár í áfengis- og fíkniefnaneyslu. Pálmi er 68 ára gamall í dag.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Shane MacGowan

MacGowan var söngvari og leiðtogi þjóðlaga-pönksveitarinnar The Pogues. Hann er ein mesta örlaga-fyllbytta samtímans og hefur einnig tekið slag við heróínið. Söngur hans og framkoma hefur verið sérstök í gegnum tíðina og lífsstíllinn markað hana. Í eitt skipti þurfti að óla hann fastan við stól til að hann gæti klárað tónleika. MacGowan er 61 ára gamall í dag. Hann missti allar tennurnar og er nú kominn í hjólastól.



Pantera

Svall þungarokkshljómsveitarinnar Pantera frá Texas á tíunda áratugnum var nánast fordæmalaust. Var það fest á filmu og gefið út á alræmdum vídeóspólum. Bræðurnir Dimebag Darrel og Vinnie Paul eru nú horfnir yfir móðuna miklu. Dimebag var myrtur á sviði og Paul fékk hjartaáfall. Söngvarinn Phil Anselmo lést eftir inntöku heróíns árið 1996 en var endurlífgaður og stendur nú á fimmtugu. Bassaleikarinn Rex Brown hefur svo miklar lífraskemmdir að hann má ekki drekka dropa af áfengi í dag.



HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



Jet Black Joe

Jet Black Joe var heitasta rokkhljómsveit landsins í upphafi tíunda áratugarins og margir bjuggust við að þeir myndu „meikaða.“ Drykkju-læti og ýmsar skrautlegar uppákomur áttu sér reglulega stað, stundum tengdar lögreglunni. Árið 1996 frelsaðist söngvarinn, Páll Rósinkranz, og sagði skilið við sukkið.



Mínus

Rokksveitin Mínus kom upp úr harðkjarnasenunni um aldamótin og vakti töluverða athygli erlendis. Í sveitinni voru meðal annarra Krummi, útvarpsmaðurinn Frosti Logason og leikarinn Björn Stefánsson. Sukki og svínarí einkenndi hljómsveitina á þessum árum og var því til dæmis lýst í frægu viðtali við breska tímaritið Kerrang!

15%

KAUPAUKI

TIL BRÚÐHJÓNA SEM
STOFNA GJAFALISTA

brúðkaupskynning

kynntu þér brúðargjafalista og önnur lokaskref í brúðkaupsundirbúningnum
laugardaginn 27. apríl í **Kúnígúnd Kringlunni** frá kl. 13 - 17



Happdrætti fyrir brúðhjon sem stofna brúðargjafalista



Dekkað borð að hætti **Tobbu Marínós** ásamt hugmyndum að flottum brúðargjöfum



Kökuráðgjöf og brúðarertusýnishorn frá **17 sortum**

VIÐ HJÁLPUM YKKUR AÐ SETJA SAMAN FJÖLBREYTTAN BRÚÐARGJAFALISTA.
EINNIG VERÐA TIL SÝNIS BLÓMASKREYTINGAR FRÁ BLÓMAGALLERÝ ÁSAMT VÍNRAÐGJÖF
OG GLÆSILEGU SKARTI FYRIR BRÚÐHJÓNIN.



KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is



Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Einar Þór Sigurðsson
Fréttastjóri: Kristinn Haukur Guðnason Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Jón að reyna að sprengja stjórnina?

Jón Gunnarsson fer nú fremstur í flokki þeirra þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem gagnrýna Svandísi Svavarsdóttur vegna áherslu á að fjármagn renni fyrst og fremst til opinberrar heilbrigðisþjónustu. Á meðan fari fjármagn til sjálfstætt starfandi fyrirtækja dvínandi. Jón hefur verið andlit þessarar baráttu, bæði á ritvellingum og í viðtölum.

Þessi deila stjórnarflokkanna kemur upp á versta tíma, í orkupakkastorminum miðjum þar sem ríkisstjórnin er með bæði stjórnarandstöðuna og marga af eigin kjósendum og grasrótarfólki á móti sér. Jón var ekki sáttur við stjórnarmyndunina þegar ljóst var að hann myndi missa ráðherra-stól. Hefur hann þegar sýnt upphlappstakta í vegtollamálinu og nú heggur hann áfram í samstarfsflokkana.

Bjarni í langneðsta sæti

Í vikunni bryddaði Friðjón Friðjónsson, framkvæmdastjóri KOM, upp á því að Bjarni Benediktsson hefði komist í þriðja sæti yfir þá sem hefðu setið lengst á formannsstóli Sjálfstæðisflokksins. Ætti hann þrjú ár í Davíð Oddsson en sautján ár í Ólaf Thors.



Bjarni er hins vegar sá formaður sem hefur setið hlutfallslega langskemmst sem forsætisráðherra, aðeins 323 daga af 3.680, eða 8,8 prósent hlutfallslega. Næstneðstur er Þorsteinn Pálsson með 16,7 prósent. Davíð Oddsson trónir á toppnum með 91,6 prósent. Þá koma Bjarni Benediktsson eldri með 80 prósent, Geir H. Haarde með 76,3, Geir Hallgrímsson með 39,8, Ólafur Thors með 35,8, Jóhann Hafstein með 31 og Jón Þorláksson 24,2 prósent.

Myndin



Ærslabelgurinn vinsæll

Börn fagna komu sumars í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Mannfyrirlitning í garð meðlagsgreiðenda

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



DV heldur nú áfram umfjöllun sinni um innbúðarmál Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Fleiri hafa stigið fram og tekið í sama streng og konurnar fjórar sem sögðust hafa verið beittar einelti og ógnarstjórnun innan stofnunarinnar, eins og DV greindi ítarlega frá þann 12. apríl.

Á báðum starfsstöðvum stofnunarinnar, í Reykjavík og á Ísafirði, virðist ríkja eitruð menning. Andrúmsloftið svo þrúgandi að starfsfólk hrökklast þaðan út og situr eftir með sárar minningar. Bæði vegna sjálfs sín og fyrrverandi vinnufélaga.

Ein af birtingarmyndum þess andrúmslofts sem skapast hefur er sú mannfyrirlitning sem meðlagsgreiðendum er sýnd, en meginhlutverk stofnunarinnar er einmitt að innheimta meðlagsgreiðslur. Þetta hefur fyrrverandi starfsfólk vitnað um og einnig birtir DV nú skjaskot af því þegar forstjórinn sjálfur, Jón Ingvar Pálsson, og fleiri hæðast að meðlagsgreiðanda í samfélagsmiðlahóp.

Skilnaðir eru algengir á Íslandi. Hlutfallið er 34 prósent. Auk þess koma mörg börn undir eftir skyndikynni eða stutt sambönd. Þó að sameiginleg forsjá barna sé meginreglan á Íslandi þá skipta meðlagsgreiðendur þúsundum. Rúmlega 10.000 karlar greiða meðlag og rúmlega 700 konur. Tæplega helmingur greiðir með fleiri en einu barni.

Flest þekkjum við einhvern sem greiðir meðlag eða hefur gert það, oftast karlmenn. Þeir eru ekkert verri fyrir vikið og langflestir með umgengnisrétt við börn sín. Þeir vilja börnunum sínum það besta rétt eins og aðrir feður.

Það er auðvelt að sjá fyrir sér þær aðstæður þar sem meðlagsgreiðslur fara úr skordum. Skilnaður verður í efnalítilli, þriggja barna fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn flytur af heimilinu og þarf að finna sér nýtt húsnæði, sem býður kannski ekki upp á að börnin dvelji hjá honum. Vitaskuld vill hann greiða með börnunum sínum en getur það kannski ekki nema að hluta til fyrst um sinn, á meðan hann er að koma undir sig fótunum að nýju.

Í þessu skáldaða tilviki þarf meðlagsgreiðandinn á skilningi frá



hinu opinbera að halda og andlit hins opinbera er Innheimtustofnun sveitarfélaga. Það sem hann þarf ekki á að halda er ósveigjanlegt starfsfólk sem mætir honum með fullri hörku og hlær að honum þegar hann er farinn út um dymar. En það virðist vera tilfellið fyrir svo marga í raunveruleikanum.

Innheimta meðlagsgreiðslna er þjóðhagslega mikilvæg. Rétt skal vera rétt og jafnt skal yfir alla ganga. Það er algerleg óumdeilt. En innan

Innheimtustofnunar sveitarfélaga þarf augljóslega manneskjulegra og sveigjanlegra viðhorf. Og síðan djúpa naflaskoðun hvað varðar starfsmannamál og samskipti á vinnustaðnum. Á því bera stjórnendurnir ábyrgð og, ef svo ber undir, skipuð stjórn stofnunarinnar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið sjálft. Einhver innan kerfisins þarf að taka af skarið og spyrja nauðsynlegra spurninga innan veggja þessarar stofnunar. Annars breytist ekki neitt. ■

Spurning vikunnar

Eru fermingarveislur skemmtilegar?



„Nei, ekki hjá fjarskyldum ættingjum. En hjá náskyldum getur verið gaman.“

Ólafur Jónsson



„Þær eru drepleiðinlegar. Fyrirgefið mér, ættingjar.“

Þórunn Helga Þórðardóttir



„Þær eru ágætar.“

Sigurjón Viðar Gunnlaugsson



„Já, mér finnst þær skemmtilegar.“

Guðrún Harðardóttir

Golfblaðið


26. apríl 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



1. hola

Golfskáli



Einstaklega fjölskylduvænn golfvöllur í fögru umhverfi

SVEINSKOTSVÖLLUR:

Sveinskotsvöllur er frábær þar 3 völlum í einstöku umhverfi. Þetta er völlur sem hentar afskaplega vel byrjendum sem vilja ekki fara á stóru vellina. Þarna eru aðgengilegri reglur og áherslan er lögð á að hafa gaman – og völlurinn er öllum opin,“ segir Ólafur Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Keilis í Hafnarfirði. Ólafur

hefur starfað hjá klúbbnum í 20 ár og upplifað miklar breytingar með sívaxandi golfáhuga landsmanna og sífellt glæsilegri aðstöðu á svæðinu. Sveinskotsvöllur er kærkomin viðbót í þjónustu klúbbsins. „Þetta er afskaplega fjölskylduvænn völlur í gullfallegu umhverfi með útsýni yfir höfnina í Hafnarfirði. Fólk kemur bara inn í golfbúðina í golfskálanum

hérna, borgar 2.500 krónur og spilar golf eins og það vill allan daginn. Einnig hentar völlurinn til hópeflis, fyrir lítil mót á meðal vina eða hjá fyrirtækjum,“ segir Ólafur. Sveinskotsvöllur er 9 holu völlur á Hvaleyrinni. Ekkert inntökugjald er í klúbbinn og inniheldur félagsaðild að Sveinskotsvelli aðgang að 11 vinavöllum Keilis þar sem einungis

þarf að greiða 2.000–2.500 króna vallargjald. Einnig er aðgangur að golf.is og full aðild að Gólf sambandi Íslands. Árgjald er aðeins 53.800 krónur fyrir aldurshópin 27–70 ára. Sjá nánar um Sveinskotsvöll og fjölbreytta starfsemi Golfklúbbsins Keilis á vefsíðunni keilir.is.

Hola	1	2	3	4	5	6	7	8	9	Út	10	11	12	13	14	15	16	17	18	Inn	Samt.	Forg.	Netto
Grænnir	139	244	171	164	153	123	176	115	121	1406	139	244	171	164	153	123	176	115	121	1406	2812		
Gulir	139	236	171	147	153	123	134	107	85	1295	139	236	171	147	153	123	134	107	85	1295	2590		
Rauðir	129	195	107	98	130	123	94	75	85	1036	129	195	107	98	130	123	94	75	85	1036	2072		
Gull	66	141	78	76	80	50	54	43	51	639	66	141	78	76	80	50	54	43	51	639	1278		
Par	3	4	3	3	3	3	3	3	3	28	3	4	3	3	3	3	3	3	3	28	56		
Forgjöl	7	1	11	15	5	17	3	13	9		8	2	12	16	6	18	4	14	10				
Skor																							
Punktur																							
Skor																							
Punktur																							



ÖRNINNA

GOLFVERSLUN



XXIO X^{TEN}

ENDURHEIMTU KYLFUHRADANN





GKG – „Sumar allt árið“

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, GKG, tekur vel á móti nýjum félögum og býður upp á heilsársþjónustu hjá. GKG hefur yfir að ráða 18 holu keppnisvelli sem og níu holu velli sem hentar kylfingum á öllu getustigi. Einnig er þar æfingarsvæði fyrir lengri og styttri högg og, ekki síst, fullkomin inniæfingaaðstaða bæði í Íþróttamiðstöðinni og í Kórnum. Veturinn hefur verið mildur og er búist við að vellirnir komi vel undan vetri, því verður hægt að hefja leik fyrr en oft áður. Veðurfarið þegar liður nær vori ræður þó öllu um það.

Öflugt félagsstarf

Skemmtilegt félagsstarf tryggir góða stemningu meðal félagsmanna og í GKG er starfrækt mikið og gott félagsstarf. Kvinnanefnd GKG stendur fyrir viðburðum allt árið sem og öldunganefndin sem stendur einnig fyrir æfingum og viðburðum. Í GKG er öflugt mótahald sem kröftugur hópur mótanefndar sér um. Starf dyggra sjálfbodaliða er ómetanlegt í GKG.

Metnaðarfullt barna- og unglingsstarf

Í GKG er rekið heilsársuppbýggingar- og afreksstarf og hvergi í heiminum eru fleiri börn og unglingar sem stunda golf hjá sama golfklúbbum! Af 2.000 félögum eru um 600 börn og unglingar. „Af öllum golfklúbbum á landinu telur GKG flest ungmenni yngri en 16 ára. Það er mjög ánægjulegt að hafa úr svo miklum efnivið að motta til framtíðar,“ segir Úlfar Jónsson íþróttastjóri.

Fyrir byrjendur 6–12 ára henta sumarnámskeiðin vinsælu mjög vel. Fyrir þau sem vilja taka næsta skref og jafnvel æfa allt árið er boðið upp á æfingar utandyra á sumrin og innanhúss í Íþróttamiðstöðinni og í Kórnum.

Fyrir félagsmenn 8–21 ára eru í boði æfingar rúmlega 10 mánuði á ári. Vetraræfingar hefjast í byrjun nóvember ár hvert og sumaræfingum lýkur um miðjan september. Vikulegu golfleikjanámskeiðin á sumrin hafa verið gríðarlega vinsæl undanfarin ár og reynst vel sem fyrsta skrefið í að kynnast golfinu.

Afrekskylfingar

GKG á fjölmarga kylfinga í fremstu röð með Birgi Leif Hafþórsson í fararbroddi. Afrekskylfingar GKG landa Íslandsmeistaratitlum af miklum mót og sá grunnur sem lagður er í heilsársþjálfun ungra kylfinga gefur fyrirheit um bjarta framtíð á afreks sviðinu.

Æfingaaðstaða með því besta sem gerist á landinu

„Æfingarsvæðið okkar er stórt og við erum mjög stolt af inniáðstöðunni sem gerir okkur kleift að stunda íþróttina allt árið um kring. Þar er hægt að pútta, vippra, æfa og spila golf í fullkomnum Trackman-golfhermum. Öll aðstaða til golfiðkunar á svæði klúbbsins er með því sem besta sem gerist á landinu. Við leggjum áherslu á að vera í fararbroddi í aðbúnaði og atlæti, jafnt gagnvart afreksfólki og þeim sem skemmra eru á veg komin. Við höfum líka lagt áherslu á að fjölga stúlkum sem leika golf og hefur það skilað góðum árangri,“ segir Úlfar og hvetur áhugasama til þess að fylgjast með GKG á Facebook.

Trackman-golfhermar

Golf er svo sannarlega heilsársíþrótt í GKG, en með fullkomnum golfhermum geta kylfingar leikið á mörgum af frægustu völlum heims. Upplifun þeirra sem spila er nánast eins og að vera úti á golfvöllinum í 20 stiga hita og logni. Allt umhverfið er til



fyrirmyndar og eru golfhermar GKG því góður valkostur fyrir alla, hvort sem ætlunin er að æfa, spila nokkrar holur eða setja upp mót.

Hvernig byrja ég í golfi?

Hefur þig langað að byrja í golfi en veist ekki hvernig þú átt að bera þig að? Best er að skrá sig á námskeið og læra grunnatriðin. Með því að gerast félagsmaður GKG færðu aðgang að nýliðan námskeiði sem stendur yfir einu sinni í viku, frá miðjum maí til lok júlí. Fjölbreytt styttri og lengri námskeið fyrir kylfinga af öllum getustigum, sem og einkakennsla, eru í boði hjá PGA-kennurum GKG. Þessi námskeið eru opin öllum, fyrir félagsmenn eða þá sem eru utan félagsins. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu GKG, en einnig er hægt að hafa samband við Úlfar, ulfar@gkg.is.

Fleiri námskeið

Að sögn Úlfars Jónssonar bjóða kennarar klúbbsins upp á fjölbreytta

þjónustu eins og t.d. einkatíma, hóp-tíma og hjónatíma. Ýmiss konar námskeiðahald fer fram allt árið en oftast er um að ræða kvöld- og helganámskeið, auk æfingahópa sem hægt er að taka þátt í.


Veitingastaðurinn Mulligan

Boðið er upp á ljúffengan hádegismat á sanngjörnu verði alla virka daga og hefðbundna rétti af matseðli. Einnig sýnum við boltann í beinni og að sjálfsögðu frá stærstu mótardöðunum, PGA og LPGA.

Svæði félagsins er annars vegar í landi Garðabæjar og hins vegar í landi Kópavogs – eins og nafnið ber með sér. Vallarstæðið er í Vetrarmýri í landi Vífilstaða í Garðabæ og í Leirdal ofan við Salahverfi í Kópavogi.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.gkg.is og Facebook: GKG Pantanir í golfherma: 565-7373 Aðalnúmer: 570-7373

KOMDU Í GOLF



Karlkylfingar eru **69%** af heildinni þar sem meðalaldur er **47 ár** og meðalforgjög **24.4**

Fjöldi kylfinga í klúbbum er tæplega **17.000** en samkvæmt skoðannakönnun er áætlað að **58.000** Íslendingar slái golfbolta á ári hverju



Kvenkylfingar eru **31%** af heildinni þar sem meðalaldur er **52 ár** og meðalforgjög **34.5**



70% allra kylfinga á landinu er með forgjög **18.5** eða hærri.



Börn og unglingar 18 ára og yngri eru **13%** af heildinni

Um **1.550** golfmót eru haldin af **62** golfklúbbum á hverju ári



MUNURINN Á AÐ GISKA OG AÐ VITA NÁKVÆMLEGA.



GARMIN®

APPROACH® Z80

» TVÍVÍÐ FLATAR-YFIRSÝN
SÝNIR LENGDIR FREMST OG AFTAST Á FLÖT

TVÍVÍÐ KORTLAGNING FLATA
YFIR 41.000 VELLIR FYLGJA

PINNASTAÐSETNING MEÐ GPS
NÁKVÆMNI INNAN 25 CM. «


GARMINBÚÐIN
ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGUR | SÍMI: 577 6000 | GARMIN.IS



Hin fegursta fjallasýn

GOLFKLÚBBUR HELLU:

Hann á sér merkilega sögu, Golfklúbburinn á Hellu, en hann hefur verið starfræktur nær sleitulaust síðan 1952. „Völlurinn hefur verið færður tvisvar sinnum síðan klúbburinn var stofnaður. Í dag heitir völlurinn Strandarvöllur og hann staðsettur á Strönd sem er alveg tilvalin staðsetning. Undirlendið er sendið og þurrt og því sjaldan sem völlurinn er gegnsósa af vatni, enda er grasið fljótt að þorna vegna sandsins. Völlurinn er yfirleitt tilbúinn til notkunar snemma að vori, en tæknilega séð er hann opinn allt árið um kring. Þannig að ef vel viðrar og völlurinn er ekki á kafi í snjó þá má spila hér golf,” segir Óskar Pálsson.

Fjölbreyttur og skemmtilegur völlur

Upphaflega var völlurinn níu holar en í dag er hann átján holar. „Völlurinn er gífurlega skemmtilegur og í þau fjöldamörgu ár sem ég hef stundað golfið, þá hef ég satt að segja aldrei fengið leiða á þessum velli. Hann hentar bæði byrjendum sem lengra komnum þar sem hver iðkandi velur lengd vallarins eftir eigin getustigi.”

Hentar sérlega vel til mótahalds

Það eru 105 félagar í klúbbnum sem sjá um starfsemi. „Við golfvöllinn stendur ein besta íþróttastaða í gjörvallri Rangárvallasýslu, ef ekki á öllu Suðurlandi. Klúbbhúsið er gamall skóli og aðstaðan þar býður upp á að hægt sé að halda heilt Íslandsmót með nær engum fyrirvara.“ Þess má geta að þann 1. maí 2019 verður haldið heljar golfmót 39. árið í röð á Strandarvelli.

Frábær veitingastaður

Í klúbbhúsinu er einnig rekinn einn af bestu veitingastöðum á svæðinu. „Hér er sérlega hæfileikaríkur kokkur frá Kólumbíu sem galdrar fram dýrindis mat fyrir gesti og gangandi. Hann hefur algerlega komið okkur á kortið á Tripadvisor enda er veitingastaðurinn þar með nær fullt hús stiga.”

Fagurt útsýni og veðursæld

Frá matsalnum er gífurlega fallegt útsýni yfir fjöll, firnindi og ægífagar eldstöðvar. „Hér ber við himin hin ægífagra Hekla, tignarlegur Tindfjallajökull, Eyjafjallajökull og Vestmannaeyjar. Svo glittir stundum í Mýrdalsjökul á góðviðrisdögum. Svo er hér sérlega veðursælt og merki þess má sjá á trjánnum hér í kring. Þau vaxa öll tiltölulega beint upp í loftið sem sýnir það svart á hvítu hvað hér er ekki vindasamt.”

„Ég get ekki ímyndað mér betri dagsferð en að aka um söguslóðir Njálu, taka í kylfu á Strandarvelli og enda svo daginn á dýrindismáltíð í klúbbhúsinu hjá okkur. Það er þó alltaf vissara að panta borð enda er staðurinn vinsæll hjá bæði heima- mönnum og ferðamönnum,” segir Óskar.

Strandarvöllur er í rúmlega klukkustundar akstursfjarlægð frá Reykjavík og er mitt á milli Hellu og Hvolsvallar.

Sími: 487-8208
ghr@ghr.is





Ný og glæsileg aðstaða í Golfklúbbnum Leyni á Akranesi

Garðavöllur er án efa talinn vera á meðal bestu 18 holu keppnisvalla landsins og ár hvert eru haldin þar stórmót af ýmsum toga.

Framkvæmdir við nýja félagsaðstöðu Leynis hófust í janúar 2018 en þá hafði undirbúningur staðið yfir allt frá 2015/2016. Ný félagsaðstaða hefur fengið heitið Frístundamiðstöð við Garðavöll og leysir af hólmi eldri aðstöðu Leynis sem samanstóð af 35 fermetra skrifstofu- byggingu frá árinu 2000 og um 180 fermetra golfskála sem kominn var mjög til ára sinna og var upphaflega íbúðarhús. Eignarhald á nýja húsnæðinu er í höndum Fasteignafélags Akraneskaupstaðar og rekstur hússins er alfarið í höndum Golfklúbbsins Leynis.

Ný og glæsileg frístundamiðstöð við Garðavöll

Frístundamiðstöðin er glæsilegt þúsund fermetra fjölnota hús sem í senn verður klúbb- og félagsaðstaða Golfklúbbsins Leynis með æfingaaðstöðu í kjallara og fundaraðstöðu og veitingastaður. Einnig verður allt að tvö hundruð manna veislasalur til útleigu með tilheyrandi aðstöðu og rýmum. Salinn verður ýmist hægt að stúka niður fyrir smærri samkomur eða opna í eina heild fyrir stærri veislur.

Flott hús í fallegu umhverfi

Ný og bætt aðstaða gjörbreytir allri félagsaðstöðu og rekstri klúbbsins og styrkir stöðir klúbbsins. Kyllingar og gestir golfvallarins eiga án efa eftir að njóta þessa nýja húss þegar þeir heimsækja Garðavöll en húsið er stórt og tignarlegt og sómir sér vel í fallegu umhverfi vallarins.

Félagsmenn unnu í sjálfboda-vinnu við að reisa húsið

„Við höfðum að leiðarljósi að vinna alla áætlanagerð af kostgæfni þannig að ekki yrði farið fram úr áætluðum byggingarkostnaði eða

verktíma. Það hefur tekist. Leitað var til verktaka hér á Akranesi um að koma að framkvæmdinni og einnig hafa félagsmenn í Golfklúbbnum Leyni verið duglegir að leggja hönd á plóg við byggingu hússins í sjálfboda-vinnu. Þar hefur gamli félagsandinn verið allsráðandi líkt og í ungmennafélögunum forðum,” segir Guðmundur Sigvaldason, framkvæmdastjóri Leynis aðspurður.

Glænýr veitingastaður

Leynir hefur síðan samið við Veitingastaðinn Galitó um veitingasölu í húsinu og rekstur og hér verður opnaður nýr veitingastaður, Galitó Bistró Cafe, um leið og húsið verður vígt formlega nú í lok apríl.

Hyggja á opnun um mánaðamótin

„Garðavöllur kemur vel undan vetri og styttist í opnun vallarins, jafnvel fyrir mánaðamótin apríl/maí. Við bjuggum við það lúxusvandamál í vetur að það var ekkert eða lítið frost í jörðu sem gerði það að verkum að völlurinn er í góðu ásigkomulagi. Nú erum við hins vegar farin að undirbúa slátt og fyrstu sumarstarfsmenn eru mættir til vinnu.“

Mót á árinu

Íslandsmótið í holukeppni verður haldið á Garðavelli um miðjan júní. Nokkur önnur stærri mót á vegum Golfsambands Íslands verða auk þess á árinu. Bók-anir kylfinga, hópa og fyrirtækja hafa verið afar góðar og mikil tilhlökkun og bjartsýni með sumarið hjá stjórnendum Golfklúbbsins Leynis.

Golfklúbburinn Leynir er staðsettur á Garðavelli, 300 Akranesi.

Nánari upplýsingar má nálgast á leynir.is

Fylgstu með okkur á Facebook: [Golfklúbburinn Leynir](https://www.facebook.com/GolfklubburinnLeynir)
Sími: 896-2711





Það er dýrðlegt að spila golf á Akureyri

GOLFKLÚBBUR AKUREYRAR OG ARCTIC OPEN:

Akureyri er að mörgu leyti unaðsreitur kylfinga enda er þar hægt að stunda þessa vinsælu íþrótt í ægifygru umhverfi við afar góðar aðstæður. Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil og farsæl uppbygging á svæðinu.

Hið einstæða golfmót Arctic Open er síðan þekkt meðal kylfinga víða um heim, enda engu líkt að leika golf undir miðnættið á bjartasta tíma ársins, nærri heimskautsbaug.

Golfklúbbur Akureyrar, GA, rekur 18 holu golfvöll að Jaðri ásamt sex holu velli á sama stað sem tekinn var í notkun árið 2017. Einnig rekur GA Lundsvöll, sem er 9 holu völlur rétt innan við Vaglaskóg. Enn fremur hefur GA frábæra inniaðstöðu, Golfhöllina, sem er æfingarsvæði fyrir kylfinga á neðri hæð íþróttahallarinnar á Akureyri. Meðlimir í klúbbum eru um 750 talsins og fá þeir aðgang að allri þessari aðstöðu sem sífellt er verið að endurbæta.

„Hér hefur orðið mikil uppbygging síðustu tíu árin í samstarfi við Akureyrarbæ ásamt gríðarlegri sjálfböðavinnu. Við hjá GA erum mjög lánsöm hversu mikið og óeigingjarnt starf hefur verið unnið af hálfu sjálfböðaliða á öllum sviðum, ekki einungis við uppbyggingu svæðisins heldur einnig því sem lýtur að rekstri GA. Endurbætur hafa verið gerðar á flötum og teigum á Jaðri og lokahnykkurinn í þessu ferli var nýtt æfingarsvæði

sem tekið var í notkun árið 2016. Núna veitum við kylfingum einhverja þá bestu aðstöðu sem völ er á,“ segir Steindór Kristinn Ragnarsson, framkvæmdastjóri GA.

Eins og nærri má geta eru margir kylfingar á Akureyri en golfvöllurinn að Jaðri er líka mjög vinsæll meðal ferðamanna. „Hér er vaxandi ferðamennska og undanfarin ár hefur töluverður fjöldi ferðamanna komið hingað úr skemmtiferðaskipum. En meirihluti ferðamanna sem nýta sér golfvöllinn að Jaðri er samt Íslendingar,“ segir Steindór.

Golf í miðnætursól

Hið magnaða golfmót Arctic Open verður haldið dagana 19.–22. júní. Kylfingar sem tekið hafa þátt í mótinu segja það vera draumkennda upplifun að spila golf í blóðrauðu sólarlagi um miðnæturbil svo nærri heimskautsbaugi. Stemningin í kringum mótið er engu lík og þátttakendur eiga ógleymanlegar stundir í góðra vina hópi.

Nánari upplýsingar um Arctic Open er að finna á vefsíðunni arcticopen.is.

Nánari upplýsingar um GA og golfaðstöðu á Akureyri er að finna á vefsíðunni gagolf.is eða í síma 462-2974.



UPPLIFÐU FRELSIÐ MEÐ BERUM AUGUM

S J Á Ð U B E T U R

EKKI MISSA AF DRAUMAHÖGGINU

Vissir þú? _____

**ÁTTA AF HVERJUM TÍU SEM
KOMA Í FORSKOÐUN GETA
LOSNAÐ VIÐ GLERAUGUN**

Það er ekki bara ein leið í boði til að losna við gleraugun.
Sjónlag er í fararbroddi á landinu hvað varðar tæknibúnað og
þjónustu við sjúklinga.

AUGNSKOÐUN | AUGNLÆKNINGAR | LASERAÐGERÐIR | AUGNSTEINASKIPTI

GLÆSIBÆR – ÁLFHEIMAR 74 – 5. HÆÐ - 104 REYKJAVÍK

PANTAÐU TÍMA
Í FORSKOÐUN

s. 577 1001
sjonlag.is eða
heilsuvera.is


sjónlag
SJÁÐU BETUR



Komdu með hópinna þinn í golf hjá GM!

Á góðum sumardegjum er tilvalið að fara með fyrirtækið eða vinahópinna í golf. Golf er frábært hópefli og tökum við hjá GM afar vel á móti hópum. Við höfum yfir að ráða tveimur frábærum vallarsvæðum, Hlíðavelli og Bakkakoti, sem bæði henta vel fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum. Hægt er að fá aðstoð og leiðbeiningar við uppsetningu móta hjá starfsmönnum GM.

Bakkakot

Bakkakotsvöllur er tilvalinn fyrir smærri hópa, en völlurinn er 9 holur og hentar kylfingum af öllum getustigum. Bakkakot er í Mosfellsdal og dásamlegt að njóta þess að spila golf í friðsældinni. Golfskálinn í Bakkakoti er afar notalegur og frábær fyrir hópa að gæða sér á veitingum fyrir eða eftir hring.

Hlíðavöllur

Á Hlíðavelli er frábær aðstaða fyrir smærri hópa. Við bjóðum upp á sérstaka pakka sem innihalda golf, veitingar, drykki og aðgang að hliðarsal sem tekur allt að 35 manns þar sem hópurinn þinn getur lokað að sér og átt góða stund saman. Að spila golf á Hlíðavelli er frábær upplifun fyrir þá sem kunna að meta góðar aðstæður, flott umhverfi og glæsilegt klúbbhús.

Við bjóðum upp á ýmsa þjónustu fyrir hópa sem spila hjá okkur eða halda mót. Við getum m.a.:

- Sett upp mót á golf.is
- Annast mótsstjórn
- Útbúið skorkort fyrir alla keppendur
- Séð um ræsingu
- Sett upp nándarmælingar
- Gert upp mót að móti loknu

■ Prentað og tilkynnt úrslit Golfklúbbur Mosfellsbæjar rekur frábærar veitingasölur á báðum vallarsvæðum en hægt er að fá veitingar fyrir hring, eftir hring og úti á velli meðan á hring stendur.

Vantar þig hugmyndir fyrir hópinn þinn?

Viltu fjölbreytileika og nýjungar og ekki síst hugmyndir? Léttan þar 3 völl fyrir suma keppendur? Afrekkylling sem slær teighögg með gestum? Miðnæturmót? Eitthvað sem enginn hefur gert áður? Við hjá GM erum full af hugmyndum og áhuga á að gera mótið þitt sem allra best!

Nánari upplýsingar á golfmos@golfmos.is.

Við hlökkum til að heyra frá ykkur!

Viltu ganga í skemmtilegasta klúbb landsins?

Við hjá GM segjum gjarnan að við séum skemmtilegasti golfklúbbur landsins og gerum svo sannarlega okkar besta til að tryggja að félagsmönnum okkar líði vel og þeir séu ánægðir hjá okkur. Klúbburinn stendur reglulega fyrir viðburðum, til dæmis Masters-vöku, glæsilegu lokahófi að meistaramóti loknu, einni skemmtilegustu bændaglímu landsins og árshátíð. Innanfélagsmótin eru mörg og fjölbreytt en þá ber helst að nefna VÍKING-deildina sem er liðakeppni, Titleist-holukeppnina og mótarið félagsmanna. Kvinnastarf GM er virkt og eru allar konur hvattar til að taka þátt í skemmtilegum mótum sem kvinnanefnd stendur fyrir.

Við tökum vel á móti nýjum félagsmönnum, jafnt byrjendum sem lengra komnum. Kynntu þér starfseminu á www.golfmos.is




HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is



Golf í friðsælu umhverfi og frábært hótél

Víð erum eini golfklúbburinn á Íslandi með aðstöðu sem kallast getur „Golf Resort“. Hótél Hamar, sem er í hjarta Hamarsvallar er í raun klúbbhúsið fyrir golfvöllinn“ segir Jóhannes Ármannsson, framkvæmda- og vallarstjóri hjá Golfklúbbi Borgarness. Hamarsvöllur í Borgarnesi er sambland af skógar- og vatnavelli og þykir ákaflega fallegur, snyrtilegur og friðsæll golfvöllur. Hótél Hamar Icelandair Hotels, í miðju vallarins, er umvafið skógi vöxnum brautum á alla vegu en þó með ágætis útsýni yfir fjallahringinn. Hótelið býður upp á framúrskarandi gistingu sem og

veitingar á breiðu verðbili. Síðan er það klúbbhús GB og athvarf fyrir gesti Hamarsvallar en 1. teigur og 18. flöt eru við hótelið. Fjölmargir gestir Hótels Hamars velja bæði gistingu og golf, sem og kvöldverð.

„Það koma um 35.000 gestir á svæðið á ári. Yfir vetrartímann sækjast þeir einvörðungu eftir gistingu og nýta að sjálfsgöðu ekki golfvöllinn. Yfir sumarið koma hingað um 12.000 Íslendingar sem spá bara í golfvöllinn en ekki hótelið. Og síðan eru enn aðrir sem gista á hótelinu og leika golf, jafnt Íslendingar sem erlendir ferðamenn, en færst hefur í aukana að erlendir ferðamenn sem gista á Hótél

Hamar vilji ólmir taka hring þegar þeir sjá golfvöllinn. Af 35.000 gestum eru þó erlendir viðskiptavinir í meirihluta,” segir Jóhannes og leikur sér örlítið með tölfræðina en Hamarsvöllur og tilheyrandi eru án efa einn vinsælasti staður landsins fyrir golfara. Hér er eitt dæmi um vinsældirnar:

„Sem dæmi þá auglýstum við GB paramót fyrir 80 pör – samtals 160 manns – í febrúar, en mótið verður haldið í lok júní. Það bókaðist allt upp á einni viku,” segir Jóhannes.

„Hér er þægilegt umhverfi, friðsælt og áreitislaut. Þegar fólk er að spila golf í Reykjavík þá eru svo margir fleiri í kringum það, þannig að þeir sem

eru að stíga sín fyrstu skref geta ekki almennilega notið sín vegna áreitis. Þess vegna leita svo margir byrjendur hingað,” segir Jóhannes.

Nánar má lesa um þetta á vefsíðunni gbgolf.is. Þegar þar er komið inn er einnig hægt að smella á hnappinn „Hamar“ og þar er hægt að bóka gistingu og golf. Mörg spennandi tilboð eru í gangi fyrir bæði pör og hópa. Að sögn Jóhannesar er algengt að golfhópar sækji Hamarsvöll og gisti á hótelinu. Þar á fólk ljúfar stundir á milli þess sem það nýtur þess að spila golf á Hamarsvelli.

Vertu framúrskarandi


Til að skara fram úr þarf ástríðu, einbeitingu, viljastyrk og útsjónarsemi. Þetta einkennir merkisbera KPMG, Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur.

Í rekstri líkt og atvinnumennsku í íþróttum skiptir máli að hafa forgangsröðunina í lagi og hugrekki til að fara nýjar leiðir er byggja á þekkingu, reynslu og réttum upplýsingum. Við leggjum okkur fram svo þú skarir fram úr.

Kynntu þér þjónustuframboð KPMG á vefsíðu félagsins eða hafðu samband í síma 545 6000 og við verðum þér innan handar.

kpmg.is

KPMG





Golfparadísin Hellishólar

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á golfvöllinum Hellishólum undanfarin ár. Víðir Jóhannsson er þar eigandi og rekstraraðili. „Þegar ég tók við 2004 var hér 9 holu golfvöllur ásamt nokkrum sumarhúsum. Síðan þá hefur verið mikil uppbygging og í dag er á Hellishólum 36 herbergja hótél, 15 herbergja gistiheimili, 24 sumarhús, veitingasalur fyrir 150 manns, leiksvæði fyrir börn, veiðivatn, tjaldsvæði þar sem yfir 60 hjólhýsi hafa fasta setu ásamt stóru tjaldsvæði fyrir þá sem vilja gista stutt. Einnig eru 2 baðhús fyrir gesti okkar ásamt glæsilegum 9 holu golfvelli,” segir Víðir.

Hvernig er að reka golfvöll úti á landsbyggðinni?

„Frá 2004 til 2008 endurbætti ég golfvöllinn og gerði hann að glæsilegum 9 holu golfvelli. Mikið var um golfmót á vegum GSÍ og voru afrekskylfingar okkar hér með æfingabúðir ár eftir ár. Golfvöllurinn þótti erfiður og sennilega einn af erfiðustu golfvöllum landsins. Árin 2008 til 2010 stækkaði ég golfvöllinn og gerði hann að 18 holu golfvelli ásamt æfingarsvæði og einnig lítinn þar 3 völlum.

Því var hér 18 holu völlum frá árinu 2010 til 2018. Í fyrria ákvað ég svo að breyta völlum aftur í 9 holu völlum. Það fylgir gríðarlegur kostnaður því að reka 18 holu golfvöll. Auðvitað er sárt að þurfa að draga svona saman og horfa á eftir gríðalegri vinnu og peningum við uppbyggingu 18 holu golfvallar og fara niður í 9 holur, en þar liggja ýmsar ástæður á bak við.”

Sér ekki eftir neinu

„Klúbburinn okkar á Þverár-golfvelli er frekar lítill, einungis 60 meðlimir. Því þurftum við að treysta á golfmót og auglýsingar ásamt styrktaraðilum til að reka hér 18 holu golfvöll. Sú stjórn sem var hjá GSÍ var mikill stuðningsaðili við

golfklúbba á landsbyggðinni, en eftir að skipt var um stjórn fyrir örfáum árum hefur áhersla nýrrar stjórnar ekki verið eins. Því misstum við af stórum golfmótum og æfingabúðum frá Golfsambandi Íslands. Þessi stuðningur, sem var forsendan fyrir rekstri golfklúbbsins, hvarf og því var ekkert annað í stöðunni en að fara til baka og gera golfvöllinn að 9 holu velli aftur. Ég sé ekki eftir neinu og bý að mikilli reynslu í rekstri golfvalla.”

Er golfíþróttin á villigötum?

„Engu að síður er golfvöllurinn núna mjög skemmtilegur. Við erum búin að gera hann léttari og þægilegri fyrir hinn almenna golfara. Allavega sjáum við núna brosandir andlit og fáum mikið hrós frá golfurum. Einnig er það mikið umhugsunarefni hvort golfíþróttin sé á villigötum með 18 holu golfvöllum þar sem það tekur heillangan tíma að spila 18 holur og margir kjósa að eyða frítíma sínum meira með fjölskyldunni. 9 holu golfhringur tekur ekki nema um 2 klukkustundir á meðan 18 holur taka 4–5 klukkustundir.”

Golfvöllurinn á Hellishólum er alger fjölskylduparadís

„Árið 2018 var mikið rigningarár og var alls staðar mikill samdráttur í golfi á Íslandi. Ég vona svo sannarlega að 2019 verði okkur Íslendingum gott ár í veðri og vindum og verði golfíþróttinni styrkur í betri aðsókn í golf. Golfíþróttin er mikil fjölskylduþrótt og góð útivist fyrir alla og mikil heilsuþót. Vegna þess að Hellishólar eru mikil fjölskylduparadís er hér margir ferðamenn og fjöldi Íslendinga sem gistir hér á hótelinu, í sumarhúsum eða í eigin hjólhýsum og tjöldum og spila golf,” segir Víðir.

Hellishólar ehf. – Fjótshlíð – Suðurlandi
Sími: 487-8360
Netpóstur: hellisholar@hellisholar.is



Víðir lætur gosið í Eyjafjallajökli, 2010, ekki stoppa sig í að spila golf.





ÁSBYRGISVÖLLUR:

Spilaðu golf í goðsagnakenndri náttúrufegurð

Golfklúbburinn Gljúfri er starfandi við Ásbyrgisvöll. „Við erum ekki stór klúbbur, rétt um 10 félagar. En allir erum við dyggir golfiðkendur og þykir vænt um Ásbyrgisvöll,” segir Marínó Eggertsson, forstöðumaður Ásbyrgisvallar.

Ásbyrgisvöllur er staðsettur á einum goðsagnakenndasta stað Íslands. Með hamraveggi Ásbyrgis í bakgrunni er þessi níu holu völlum algjör gimsteinn í guðsgrænni náttúrunni. „Það er rosalega flott að vera þarna með þessa háu hamraveggi í kringum sig. Sérstaklega eru sumar kvöldin falleg. Eftir heita daga þá geislar hitinn frá berginu á vangann og það er hægt að spila golf langt fram eftir kvöldi.

Við rekum ekki golfskála en erum með þjónustu í verslun við Ábyrgi, rétt við völlinn við Þjóðveg 85. Verslunin er opin allan daginn. Þar geta menn fengið sér að borða, drukkíð kaffi og komist á snyrtingu. Þar er einnig hægt að fá golfsett leigð.

Dagurinn á Ásbyrgisvelli fyrir einn fullorðinn kostar 2.000 krónur. „Það góða við völlinn er að það eru ekki margir sem sitja um hann. Þar er yfirleitt engin ös og sjaldan sem maður þarf að bíða eftir rástíma. Við erum svona að huga að því að opna völlinn fyrir notkun. Þeir sem eru áhugasamir um að skella sér í golf á Ásbyrgisvelli mega endilega hafa samband við mig í síma 892-2145.”

Ásbyrgisvöllur
671 Kópasker
Sími: 465-2145 og 892-2145





GARÐAVÖLLUR UNDIR JÖKLI

SPILAÐU GOLF Á SNÆFELLSNESI

Vindurinn, sjávarniðurinn og góður golfhringur á vellinum

Garðavöllur undir jökli er 9 holu völlur við sjávarsíðuna með fallegu útsýni

YFIR

Snæfellsnesfjallgarðinn
þar sem jökulinn ber við loft



NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



Árangursrík hita- og
kælimeðferð sem er
verkjastillandi og
bólqueyðandi.

Spá DV fyrir Peps

■ Sá stóri fer á Hlíðarenda þriðja árið í röð ef spá DV rætist ■ HK og Grindavík er spáð falli

Hörður Snævar Jónsson
hoddli@433.is




Stærsta og vinsælasta íþróttakeppni á Íslandi hefst um helgina þegar Pepsi Max-deild karla fer af stað. Um er að ræða efstu deild karla í knattspyrnu og að mati margra er þessi vinsælasta íþrótt

í heimi vorboðinn ljúfi. 12 lið eru í deildinni líkt og síðustu ár. Hart verður barist á toppnum en ekki síður á botninum og fréttamenn DV settust niður og röðuðu liðunum niður í spá fyrir tímabilið. Spáin er líkleg til þess að ganga eftir, enda fréttamenn DV sérfræðingar upp til hópa.

2 FH

Eftir hörmungarnar á síðustu leiktíð er pressa á FH að koma sér aftur í fremstu röð, en liðinu gekk illa á fyrsta tímabilinu sem Ólafur Kristjánsson var með liðið. Ólafur var með mikið breytt lið á síðustu leiktíð og getur notað þá afsökun, en sú afsökun dugar ekki í ár og þarf FH að berjast á toppnum. FH er með afar sterkt byrjunarlið, en

liðið þarf að treysta á að Guðmann Þórisson og Björn Daníel Sverrisson, sem komu í vetur, beri liðið uppi en báðir eiga að styrkja FH mikið. Vandamál FH gæti verið að skora mörk en liðið treystir á að Jákub Thomsen frá Færeyjum og Steven Lennon geti dregið vagninn þar.




1 Valur

Valur hefur unnið Pepsi Max-deildina tvö ár í röð og allt stefnir í að liðið muni vinna deildina í þriðja sinn á jafn mörgum árum. Valur hefur langsterkasta leikmannahópinn í deildinni. Það hefur tvo íslenska landsliðsmenn, Birki Mía Sævarsson og Hannes Þór Halldórsson sem kom til félagsins á dögnum. Valur hefur keypt fjölda leikmanna í vetur og státar af breidd í sínum leikmannahópi sem önnur lið geta aðeins látið sig dreyma um. Krafan á Hlíðarenda er að liðið vinni deildina og flestir telja að sú verði raunin. Ef einhver getur staðið undir slíkri pressu er það Ólafur Jóhannesson, reyndur þjálfari Vals.



3 KR

Ef guð er til í Vesturbænum, þá er það Rúnar Kristinsson. Þessi öflugri þjálfari gerði vel með KR á síðustu leiktíð og kom liðinu aftur inn í Evrópu. Nú vilja KR-ingar fara að berjast um titla og ef mið er tekið af vetrinum ætti það að geta gerst. KR hefur gert litlar breytingar, sami kjarni er til staðar en Tobias Thomsen er mættur aftur. KR-ingar treysta á að Thomsen raði inn mörkum og vörnin haldi, þá gæti KR komist á þann stað að liðið gæti barist um titla. KR er með gamalt lið en það þarf oft reynslu til að vinna titla. Fari liðið langt í Evrópu- og bikarkeppni gæti það haft áhrif í deildinni en annars ætti reynslan að vinna með KR, frekar en hitt.



Rúnar Kristinsson, þjálfari KR

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

4. Stjarnan

Litlar breytingar hafa orðið í Garðabæ en þær geta stundum verið af hinu góða. Stjarnan úr Garðabæ er lið stemningar og Rúnar Páll Sigmundsson kann að vekja upp þá stemningu. Stjarnan hefur á að skipa öflugri sveit, vörnin og markvarsla gæti orðið styrkleiki liðsins með komu Martins Rauschenberg. Vandræði liðsins gætu orðið á miðsvæðinu, þó er Þorri Geir Rúnarsson klár í stærra hlutverk en síðustu tvö ár, hann hefur náð fullri heilsu.

Eyjólfur Héðinsson og Baldur Sigurðsson, sem borið hafa uppi miðsvæðið, eru ekki að yngjast, báðir hafa glímt við meiðsli og liðið má illa við að missa þá út. Haldist allir heilir getur Stjarnan farið langt.



5. Breiðablik

Lykilmenn hafa horfið á braut og fleiri gætu farið. Gísli Eyjólfsson og Willum Þór Willumsson eru farnir og nú reynir Jonathan Hendricx að losna úr Kópavoginum. Blikar hafa hins vegar styrkt lið sitt á móti og þar ber helst að nefna Guðjón Pétur Lýðsson og Höskuld Gunnlaugsson og þá er Arnar Sveinn Geirsson einnig mættur í Kópavoginn. Thomas Mikkelsen, besti framherji deildarinnar, verður með frá byrjun, það munar um minna. Ungir dregir munu svo leika stórt hlutverk og eru margir spenntir að sjá hvernig Brynjólfur Willumsson tekur við stærra hlutverki; er hann jafn öflugur og bróðir sinn?



Þessi Max-deild karla

6. KA

Það er metnaður í starfinu á Akureyri, en það getur reynst erfitt að brjóta sér leið inn í Evrópu-sæti. Óli Stefán Flóventsson er við stjórnvölinn og treysta stuðningsmenn KA á að hann verði með skipulag sitt og gleði í farteskinu, Óli er öflugur þjálfari en það eru spurningarmerki á lofti um hvort KA sé nógu sterkt lið til að stíga næsta skref. Haukur Heiðar Hauksson er kominn heim en liðið hefur misst Guðmann Þórisson, sem telst stór biti. Guðjón Pétur Lýðsson stökk svo frá borði rétt fyrir mót og það getur haft áhrif.



7. Fylkir

Fylkir mætir til leiks með betra lið en í fyrra, Geoffrey Castillion er mættur á láni frá FH og takist Fylki að koma hollenska framherjanum í form verður hann mikill styrkur fyrir liðið. Sam Hewson kom frá Grindavík en hefur glímt við meiðsli, þar er á ferðinni einn öflugasti miðjumaður deildarinnar. Helgi Valur Daníelsson er svo í frábæru formi og hefur æft af krafti í vetur. Stærsti styrkur Fylkis er hins vegar sú staðreynd að Ólafur Ingi Skúlason verður með allt tímabilið og á góðum degi er hann besti leikmaður deildarinnar. Fylkir gæti, ef allt gengur upp, komist ofar í töflunni.



8. ÍA

Skagamenn hafa verið frábærir í vetur en það er annað að gera hlutina í höllunum eða úti á grasi, þegar allt er undir. Skagamenn eru nýliðar í deildinni og þetta er fyrsta stóra prófið fyrir Jóhannes Karl Guðjónsson í þjálfun. Að margra mati er hann okkar efnilegasti þjálfari en hann þarf að sanna það á stóra sviðinu. Skagamenn hafa verið með veskið á lofti í vetur og krækt sér í stóra bita, þrátt fyrir að vera nýliðar. Viktor Jónsson og Tryggvi Hrafn Haraldsson eiga að bera upp sóknarleikinn og þeir gætu reynst mörgum liðum skeinuhættir.



9. Víkingur

Arnar Bergmann Gunnlaugsson er við stýrið og hann á erfitt verk fyrir höndum því hann þarf að smíða svo gott sem nýtt lið. Arnar þarf að treysta á að Sölvi Geir Ottesen haldi heilsu, en hann hefur lítið æft í vetur. Sölvi var afar mikilvægur fyrir Víking í fyrra en varnarleikur liðsins hrundi þegar hann var meiddur. Arnar hefur sótt marga unga stráka.



10. ÍBV

Pedro Hipólito er kominn til starfa í Eyjum. Hann gerði ekki merkilega hluti með Fram, en það hefur reyndar enginn gert síðustu ár. Fram hefur verið sökkvandi skíp í íslenskum fót-bolta. Það er mjög erfitt að meta styrkleika ÍBV en liðið er veikara á pappír en á síðustu leiktíð, stemn-ingarleysi virðist svífa yfir vötnum hjá félaginu.



11. Grindavík

Suður með sjó er óvissa, en þar hafa stór nöfn, sem borið hafa leik liðsins uppi síðustu ár, horfið á braut. Srdjan Tufegdzic tók við stýrinu og hann fær erfitt verkefni, með talsverðan fjölda erlendra leikmanna í bland við kjarna sem hefur lengi verið til staðar. Túfa, eins og þjálfarinn er kallaður, þarf að treysta á að Gunnar Þorsteinsson og Alexander Veigar Þórarinnsson verði í stuði og haldi uppi stemningu og leikgleði í Grindavík.



12. HK

Nýliðar HK virðast dæmdir til að falla, enginn hefur trú á liðinu nema kannski leikmenn og þjálfari liðsins. HK er með marga leikmenn sem hafa mikið að sanna í efstu deild og liðið sótti sér reynslu úr Pepsi Max-deildinni með því að fá Ásgeir Börk Ásgeirsson og Arnþór Ara Atlason til liðs við sig. Brynjar Björn Gunnarsson er að hefja sitt annað ár sem aðalþjálfari og hann nýtur mikils trausts í efri byggðum Kópavogs. Liðið er það eina sem spilar innandyrna og gæti Kórinn reynst sterkasta vopn HK.



Ólafur Ingi í Fylki er einn besti leikmaður deildarinnar.



RÁIN ER ALHLIÐA VEITINGAHÚS
í hjarta REYKJANESBÆJAR

MATSÖLUSTAÐUR


SKEMMTISTAÐUR

RÁÐSTEFNUR

ÁRSHÁTÍÐIR

VEISLUR





Þessi fengu listamannalaun árið 1966

Listamannalaunum er úthlutað árlega og valda jafnan nokkrum deilum í þjóðfélagsmæðunni. Mætti halda að um nýlundu sé að ræða en svo er alls ekki. Listamannalaun hafa verið til síðan um miðja

síðustu öld. Hafa margir af okkar helstu rithöfundum, listmálurum, tónlistarmönnum og listafólki úr öðrum geirum fengið slík laun frá hinu opinbera. DV athugaði hvaða listamenn hefðu fengið slík laun árið 1966.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is




Alpingi valdi fjóra listamenn til að hljóta 75 þúsund krónur hver.



Halldór Laxness, rithöfundur og Nóbelsverðlaunahafi.



Jóhannes S. Kjarval listmálari. Kjarvalsstaðir helgaðir honum.



Tómas Guðmundsson, rithöfundur og oft kallaður Reykjavíkurskaldid.



Páll Ísólffsson, tónskáld og organisti við Dómkirkjuna.

Úthlutunarnefnd valdi aðra listamenn til að hljóta laun. 50 þúsund krónur fengu meðal annarra:



Ásmundur Sveinsson myndhöggvari. Ásmundarsafn helgað honum.



Johannes úr Kötlum, rithöfundur og alþingismaður Sósíalista-flokksins.



Þórbergur Þórðarson, rithöfundur og ljóðskáld.



Jón Leifs tónskáld. Kvikmyndin Tár úr steini byggð á ævi hans.

30 þúsund krónur hlutu meðal annarra:



Thor Vilhjálmsson, rithöfundur og býðandi.



Indriði G. Þorsteinsson, rithöfundur og blaðamaður.

Hádegis tilboð

alla virka daga frá 11.30 ~ 14.00

Humarsúpa & grillað fiskspjót
2.850 kr

Sægreifinn
Geirsgötu 8 • 553 1500

20 þúsund krónur hlutu meðal annarra:




Guðrún frá Lundi, einn afkastamesti rithöfundur síns tíma.



Nína Tryggvadóttir, listmálari og ljóðskáld.

15 þúsund krónur hlutu meðal annarra:



Kristbjörg Kjeld, leikkona sem lék í 79 af stöðinni.



Alfreð Flóki, myndlistarmaður sem sérhæfði sig í teikningu.



Saurbær í Eyjafirði Jörðin þar sem Þórunn var í vist.

Ákærð fyrir sífjaspell þó að faðirinn hefði viðurkennt nauðgaun

Til Hæstaréttar í Danmörku ■ Stóridómur orsök dulsmála

Undir lok 19. aldar voru feðgin í Eyjafirði dregin fyrir rétt, sökuð um blóðskömm eftir að barn kom undir. Bæði höfðu verið yfirheyrð og í grófum dráttum voru þau sammála um að faðirinn hefði nauðgað dótturinni. Bæði vitnuðu þau einnig um að hún hefði barist gegn ódæðinu. Í augum ákærvaldsins voru þau hins vegar bæði sek um glæp.

Nauðgað við smölu

Þann 20. maí árið 1892 fæddi hin níttján ára gamla Þórunn Guðmundsdóttir mey barn. Þórunn var ógift vinnustúlka á Saurbæ í Eyjafirði þar sem hin þekkt kirkja stendur enn í dag. Lýsti hún föður sinn, Andrés Guðmund Jóhannesson, sem föður stúlkunnar. Hann var 47 ára vinnumaður á Úlfá, sem var bær skammt frá Saurbæ.

Í yfirheyrslu stendur: „Í rannsókn þeirri, er hafin var út af þessu, hefur hin ákærða stöðugt borið það, að barn þetta sé svo undir komið, að faðir hennar hafi kvöld eitt í 17. viku sumars fyrir ári tekið hana með valdi úti við stekjarhólana í Árgerði, þar sem hún var að reka fé saman, og haft samræði við hana nauðuga, og hefði hún þó veitt honum alla þá mótstöðu, sem hún gat.“

Einnig kemur fram í vitnisburði Þórunnar að þetta hafi verið í eina skiptið sem Andrés hafði samræði við hana. Enn fremur að hún hafi aldrei verið við karlmann kennd „eða haft óorð á sér í þá átt.“

Ekki ein heldur þrjár nauðganir

Andrés gekkst við að vera faðir stúlkunnar og einnig við að hafa nauðgað dóttur sinni. Hann sagði hins vegar í skýrslutöku að samræðið hefði átt sér stað í þriggja, og aldrei með hennar vilja.

Fyrsta skiptið var eins og Þórunn vitnaði um, en fyrr um sumar. Þórunn hafi verið úti við stekkin í Árgerði og hann nauðgað henni þar.

Tíu vikum síðar, eða 17. viku sumars, hafi hann nauðgað henni í baðstofunni í Árgerði þar sem þau bjuggu á þeim tíma ásamt eigin-

konu Andrésar og tveimur öðrum börnum hans. Þar segir:

„Hann (Andrés) og ákærða (Þórunn) dóttir hans sváfu tilfætis í sama rúmi ásamt 2 börnum ákærða öðrum, og fór ákærði um nóttina yfir í rúmendann til ákærðu og hafði samræði við hana, reyndar ekki með hennar fúsa vilja, en án nokkurrar verulegrar mótspyrnu frá hennar hálfu, sem ekki þurfti annað en að hljóða til að vekja fólk, sem svaf í baðstofunni.“

Andrés viðurkenndi einnig þriðju nauðgunina. Átti hún sér stað um haustið frammi í búri á Árgerði. Sagði Andrés að hún hafi þá veitt honum alla þá mótspyrnu sem hún gat.

Í gegnum allt dómskerfið

Andrés var ákærður fyrir blóðskömm og nauðgun og Þórunn sömuleiðis ákærð fyrir sífjaspell. Stóðu þau bæði við sína sögu fyrir dómi og lágu þær því til grundvallar úrskurði. Óumdeilt var að Andrés hefði nauðgað dóttur sinni, þó að hann hefði sagt skiptin fleiri en hún. Óumdeilt var einnig að hann væri faðir stúlkunnar.

Var Andrés dæmdur til tíu ára fangelsis og til að greiða allan kostnað af málinu. Þórunn var sýknuð af ákærinni. Málinu var áfrýjað til Landsyfírréttar og síðan Hæstaréttar og refsing Andrésar loks milduð um eitt ár.

Lítið er vitað um Andrés eftir þetta en hann lifði tugþúsuvistina af. Árið 1901 var hann orðinn vinnumaður á bænum Þórustöðum, austan við Eyjafjarðará. Ekki er vitad hvenær hann lést.

Ævi Þórunnar tók betri beygju. Hún flutti að Grímsstöðum í Mývatnssveit árið 1894 og gerðist þar húsfreyja. Hún giftist Sigfinni Sigurjónssyni en hann var bróðir Guðmundar Hofdal, glímukappans og stríðshetjunnar, sem var eini Íslendingurinn til að vera dæmdur fyrir samkyrnheigð. Eignuðust Þórunn og Sigfinnur saman tvö börn, Kristjönu og Jóhannes, sem var merkur listamaður, náttúru-lífsunnandi og fréttaritari Morgunblaðsins. Þórunn lést tæplega nírad að aldri árið 1962.

Blóðskömm glæpur gegn guði

Mál feðginanna Andrésar og Þórunnar er borðleggjandi. Barn kemur undir, móðirin feðrar það föður sínum og heldur fram nauðgun. Faðirinn viðurkennir ekki aðeins nauðgunina heldur tvær til viðbótar. Engu að síður var Þórunn ákærð fyrir sífjaspell og þrælað í gegnum öll dómstigin, allt til Hæstaréttar í Danmörku. Henni voru ekki dæmdar nein- ar bætur heldur var hún „sýkn“ af ákærinni og átti auðsjáanlega að standa í þakkarskuld fyrir það.

Þetta mál verður að setja í sögulegt samhengi því að ekki voru nema rúmlega 20 ár síðan Stóri-

dómur var afnuminn úr lögum. Það gerðist árið 1870 þó að framkvæmd hans hefði reyndar mildast töluvert á 18. öld og fyrri hluta 19. aldar. Hugarfarið var þó það sama og blóðskömm sterkelega forboðin í trúarlegum skilningi. Blóðskömm var glæpur gegn guði og á ábyrgð beggja aðila. Nauðgun gat vissulega orðið til þess að refsing væri milduð og lífi kvenna þyrmt. En hana var erfitt að sanna og jafnvel þótt hún væri sönnuð gátu þær misst lífið.

Stóridómur var lögfestur árið 1565 og á þeim tíma voru 50 Íslendingar teknir af lífi fyrir sífjaspell. Jafnmargar konur og karlar, 25. Karlar voru hálshögnir,

stundum með bitlausri öxi eins og dæmin sanna, og konum var drekkt í köldum hyl. Allt var þetta framkvæmt á þingum fyrir framan fjölda fólks og enginn mátti undan líta.

Það var vegna þessara harkalegu refsinga sem fjöldi barna var borinn út, dulsmál. Á þeim tíma sem Þórunn ól sitt barn voru dulsmál enn algeng. Á árunum 1874 til 1913 komu upp að minnsta kosti sex dulsmál á Íslandi, sum þeirra eftir sífjaspell. Þetta hefði hæglega getað orðið raunin í máli Þórunnar því að ef Andrés hefði ekki viðurkennt brot sitt hefði hún einnig verið dæmd. Orð gegn orði. ■

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

HUNDAFÓÐUR
ÁN HLIÐSTAÐU

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

Dularfullt hvarf prinsessunnar

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þegar Lalla Salma tók sér stöðu í sviðsljósinu í október 2002 sem eiginkona Mohameds VI. Marokkókönungs nóttaði allt og skalf hjá hinni íhaldssömu konungshirð. Salma, sem var þá 23 ára, var með mikið rautt hár og var svo allt öðruvísi en fyrri prinsessur. Hún gat allt eins verið frá annarri plánetu. Hún neitaði að hylja hár sitt með höfuðklút að múslímskum sið, klæddist oft gallabuxum og leyndi oft ekki frjálshyndum skoðunum sínum. Hún fékk konunginn til að lýsa því yfir að hann myndi ekki taka sér fleiri eiginkonur, eins og honum er heimilt, hún þvertók fyrir að halda sig til hlés og braut blað í sögunni með því að verða fyrsta eiginkona þjóðhöfðingja landsins sem fékk opinberan, konunglegan titil. Auk þess varð hún fyrsta eiginkona þjóðhöfðingja landsins sem leyfði myndatök af sér.

Orðrómur um að konungur hafi lokað hana inni

Salma er með háskólapróf í tölvunarfræði og hún stofnaði góðgerðasamtök til stuðnings krabbameinssjúklingum. Hún var gerð að góðgerðarsendiherra hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO. Sem fyrsta prinsessa lands-

ins fékk hún einnig nokkrum sinni tækifæri til að vera fulltrúi landsins og eiginmanns síns opinberlega. Engin prinsessa hefði geta verið sýnilegri og mikilvægari en Lalla Salma.

En síðan bar svo við að hún hvarf algjörlega úr sviðsljósinu í október 2017. Þetta hefur vakið upp margar spurningar enda mikil breyting frá því sem áður var. Eftir 16 ára hjónaband hvarf hún skyndilega úr sviðsljósinu. Síðasta opinbera verk hennar var að sækja viðburð á Yves Saint-Laurent-safninu í Marrakesh. Innlendir fjölmiðlar dirfast ekki að tala um dularfulla fjarveru hennar en það drepur ekki orðróminn sem svífur yfir bæjum og borgum. Margir Marokkómenn spyrja sig hvað hafi orðið af Lalla Salma. Getur verið að hún og konungurinn séu skilin og hún berjist nú fyrir umgengnisrétti við börnin þeirra tvö, krónprinsinn Moulay Hassan, sem er 15 ára, og prinsessuna Lalla Khadija, sem er 12 ára? Er hún flutt til Grikklands? Bandaríkjanna? Getur það virkilega staðist að hún hafi nýlega sést á Ítalíu með börnunum sínum? Þá hefur sá orðrómur gengið fjöllum hærra að konungurinn hafi lokað hana inni í einni af tólf höllum sínum. Í nýútkominni bók er því haldið fram að hann hafi beitt þessari sömu aðferð á móður sína, Lalla Latifa, þegar hún neitaði að slíta ástarsambandi við einn af

Lalla Salma Áberandi prinsessa sem hvarf úr sviðsljósinu.

Hvar er Lalla Salma?



lífvörðum föður hans. Lalla Latifa fékk þó síðar leyfi til að flytja til Parísar og búa þar í útlegð.

Æpandi þögn

Mohamed VI. er einn af síðustu konungum heimsins sem fer með einhver völd en hann er mjög valdamikill og hefur síðasta orðið í nær öllum málum landsins. Hann ferðast mikið, er oft í París, og er óspar á að sýna lúxuslíf sitt á samfélagsmiðlum. Hann er sagður stýra skuggaríkisstjórn, sem samanstendur af vinum og sérfræðingum, og er hún sögð valdameiri en hin opinbera ríkisstjórn.

Á síðasta ári gekkst konungurinn undir hjartaaðgerð í Frakklandi. Þá kom fjarvera drottningarinnar berlega í ljós því á myndum, sem hirðin sendi frá sér, af konungnum á sjúkrahæði sást Lalla Salma hvergi, en aftur á móti voru börnin hans og fjögur systkin

með honum á myndunum.

Ekki þótti það síður undarlegt fyrir skömmu þegar spænsku konungshjónin og skömmu síðar Harry Bretaprins og Meghan prinsessa komu í opinbera heimsókn til Marokkó að það voru konungurinn og börn hans sem tóku á móti þeim. Lalla Salma sást hvergi. Þetta stakk mjög í stúf því Lalla Salma og spænsku drottningunni er vel til vana.

Spænska slúðurblaðið Hola! segir að hjónin séu skilin og að Lalla Salma búi enn í Marokkó. Þögn konungsfjölskyldunnar þykir þó æpandi. The Times segir að skilnaðarorðrómurinn sé þó styrktur af grein í litlum vefmiðli í Marokkó nýlega, en þar sagði að Lalla Salma hefði „svikult viðhorf“ og „uppblásið egó“. Skrif sem þessi eru tímamótaskrif í Marokkó og ekki væri hægt að birta slík skrif án leyfis konungsins. ■



Nett fjölnotataeki

MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigetá: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrifinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Mikil ógn er talin stafa af hvítum öfgahægrimönnum í Bandaríkjunum

Ein stærsta hryðjuverkaógn samtímans

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Kjölfar hryðjuverksins í Christchurch þann 15. mars síðastliðinn, þar sem 50 manns voru myrtir af áströlskum, hvítum, öfgasinnuðum hægrimanni, og vegna margra ára skoðana-bræðra hans í Bandaríkjunum, beinast sjónir margra nú að hvítum öfgahægrimönnum og þeirri hryðjuverkaógn sem stafar af þeim. Ekki eru allir sammála um umfang þess vanda sem þessir menn óneitanlega eru né hversu hratt þessi hópur stækkar.

Einn þessara manna er fimmtugur Bandaríkjamaður, Christopher Hasson. Hann býr í Langley Park sem er úthverfi Washington D.C.

„Mig dreymir um aðferð sem ég gæti notað til að drepa næstum hverja einustu manneskju á jörðinni. Ég held að faraldur gæti verið árangursríkastur en hvernig kemst ég yfir það nauðsynlegasta – spænsku veikina, bótúlín eða miltisbrand? Ég veit það ekki enn, en ég ætla að finna eitthvað,“ skrifaði hann, samkvæmt því sem segir í dómskjölum sem voru lögð fyrir dóm í Maryland í febrúar. Hasson var liðsforingi í strandgæslunni og vann í höfuðstöðvum hennar í Washington. Hann á einnig að baki feril innan bandaríska sjóhersins.

Til allrar hamingju var hann ekki kominn langt áleiðis í tilraunum sínum með vopn á borð við þau sem fyrr eru nefnd. En hann hafði komið sér upp álitlegu vopnabúri sem vekur óneitanlega áhyggjur. Hann lýsir sjálfum sér sem „hvítum þjóðernissinna“ með 30 ára „félagsaðild“ og hann er aðdáandi norska hryðjuverkamannsins Anders Behrings Breivik. Þegar Hasson var handtekinn fann lögreglan vopnabúr hans. Í því voru 15 skotvopn, þar á meðal mörg hálfsváfir. Megnið af vopnunum og skotfærunum hafði hann keypt á undanförunum tveimur árum. Talið er að hann hafi ætlað að nota vopnin til að myrða ákveðna stjórnálamenn og fjölmiðlafólk. Á Excel-skjali, sem Hasson hafði gert, var að finna það sem má ætla að sé listi hans yfir þá sem hann hugðist ráða af dögum. Þar er meðal annars að finna Nancy Pelosi, sem er forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, og nöfn fleiri Demókrata sem eru áberandi í þjóðmálaumræðunni. Auk þess eru á listanum nöfn margra áberandi og frjálslýndra fréttamanna hjá sjónvarpsstöðvum á borð við CNN og MSNBC. En sem betur fer náði Hasson ekki að hrinda ráðagerðum sínum í framkvæmd en hann situr nú bak við lás og slá í Maryland og verður þar væntan-

lega næstu árin eða áratugin.

En Hasson er ekki eini bandaríski öfgahægrimaðurinn sem hefur komið fram í sviðsljósið því margir slíkir hafa framið hryðjuverk í Bandaríkjunum og myrt fólk á undanförunum árum. Nýlega játaði James Alex Fields, sem er yfirlýstur nýnasisti, að hafa viljandi ekið bíl sínum inn í hóp mót-mælenda í Virginíu í ágúst 2017. Einn mótmælendanna lést. Þess er vænst að Fields verði dæmdur í ævilangt fangelsi. Fleiri álíka mál eru til meðferðar hjá bandarískum dómstólum þessa dagana. Í mars játaði Cesar Sayoc sök varðandi 65 ákæruatriði. Hann er ákærður fyrir að hafa í október á síðasta ári sent bréfasprengjur til nokkurra lykilmanna innan Demókrataflokkans, þar á meðal Baracks Obama, fyrrverandi forseta, og milljarðamæringsins Georges Soros. Í Pittsburgh hefur Robert Bowers verið ákærður fyrir 11 morð en þau framdi hann í samkomuhúsi gyðinga þar í borg í október á síðasta ári. Hann var gripinn glöðvolgur við ódæðið.

„Ég get ekki setið rólegur og horft á þegar fólkinu mínu er slátrað,“ skrifaði hann á vefsíðu, sem er mikið notuð af öfgahægrimönnum, áður en hann réðst inn í samkomuhúsið. En öfgahægrimmenn láta víðar að sér kveða en í Bandaríkjunum og er skemmt



James Alex Fields
Yfirlýstur nýnasisti.



Christopher Hasson
Liðsforingi í strandgæslunni.

„Mig dreymir um aðferð sem ég gæti notað til að drepa næstum hverja einustu manneskju á jörðinni“

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

FERMINGAR
tilboð

GJÖF
FYLGIR
FERMINGAR-
RÚMUM

20%
afsl.

vefverslun

svefnogheilsa.is

Taktu því rólega og skoðuðu vöruvalið okkar á netinu og gerðu hagstæð innkaup

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

að minnst Ástralans sem myrti 50 manns í Christchurch á Nýja-Sjálandi þann 15. mars síðastliðinn. Í kjölfar þess hryðjuverks hafa sjónir manna beinst meira en áður að þeim hættulega hópi sem öfgahægrimenn eru. Í kjölfar vöðaverksins í Christchurch urðu miklar umræður á mörgum samfélagsmiðlum sem öfgahægrimenn nota. Þar á meðal á 8chan sem er vinsæll samfélagsmiðill hjá bandarískum öfgamönnum.

„Ég hef aldrei verið eins glaður,“ skrifaði einn notandinn og annar spurði: „Hvern á ég að drepa?“

Ekki nýtt vandamál

Í nýlegri úttekt New York Times á hryðjuverkum á Vesturlöndum, á árunum 2011 til 2017, kom fram að hryðjuverkum öfgahægrimanna fór að fjölga 2015. Úttektin er unnin upp úr gagnagrunni University of Maryland. Um 80 prósent hryðjuverka öfgahægrimanna á Vesturlöndum (Norður-Ameríku, Evrópu og Eyjaálfu) á þessum tíma voru framin frá 2015 og síðar. En ef horft er enn lengra aftur í tímann er aukningin ekki svo greinileg.

„Þetta er ekki vaxandi vandamál. Það hefur aldrei minnkað,“ er mat Wall Street Journal á vandan-

um og miðar blaðið þá við fjölda ára öfgahægrimanna frá árinu 1970. Blóðugasta hryðjuverkið átti sér stað þann 19. apríl 1995 þegar Timothy McVeigh, sem var öfgahægrimaður, sprengdi öflugan sprengju í Alfred P. Murrah-stjórnarbyggingunni í Oklahoma, 168 létust og um 500 særðust. Þetta var mannskæðasta hryðjuverkið á bandarískri grund þar til íslamskir öfgamenn réðust á landið í september 2001. Wall Street Journal segir að hryðjuverk íslamskra öfgamanna hafi almennt séð orðið fleirum að bana í Bandaríkjunum en hryðjuverk öfgahægrimanna en þau hafi einnig verið dreifðari.

Í umræðunni um hryðjuverk í Bandaríkjunum eru internetið og samfélagsmiðlar og hlutverk þeirra í kastljósinu en á þessum vettvangi fer skipulagning og áróður öfgamanna fram að stórum hluta. Áður fyrr var erfitt fyrir fólk með öfgaskoðanir og fyrirætlanir að komast í samband við aðra sama sinnis en nú er öldin önnur því internetið og samfélagsmiðlar hafa gert fólk kleift að finna hvert annað á auðveldan og ódýran hátt. ■

Umboðsaðilar: Húsgagna- Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum



Brúðkaupskynning í Kúnígúnd

Laugardaginn 27. apríl verður haldin glæsileg brúðkaupskynning í Kúnígúnd í Kringlunni frá klukkan 13.00 til 17.00.

Segja má að brúðkaupskynningin sé orðin að árlegum viðburði á vegum Kúnígúnd þar sem brúðhjónum er boðið að koma og kynna sér allt það helsta sem snýr að lokaundirbúningnum fyrir stóra daginn.

Kúnígúnd býður upp á samsetningu gjafalista fyrir brúðhjón, sem fer vaxandi í vinsældum, og býður inneign fyrir 15% af heildarupphæð þess sem verslað er fyrir af listanum.

Á brúðkaupskynningunni fær Kúnígúnd til sín góða gesti úr ýmsum áttum. Til dæmis verða glæsilegar brúðartertur til sýnis og boðið upp á kökusmakk frá 17 sortum, þá verður skartgripaverslun Jens með fulltrúa sem sýnir það helsta í brúðarskartinu. M.a. glæsilegt skart frá Georg Jensen en Georg Jensen heimilisvörurnar hafa lengi verið fánlegar í Kúnígúnd. Þá mun Blómagallerý sýna það vinsælasta í blómaskreytingum fyrir brúðkaupið og boðið verður upp á vinnráðgjöf svo brúðhjón geti kynnt sér hvað hentar með matnum sem þau hafa valið í veisluna.

Happdrætti og uppdekkað borð eftir Tobbu Marinós

Gestir geta svo sótt sér innblástur og skoðað uppdekkað borð eftir Tobbu Marinós en hún hefur sett saman borð með fallegum borðbúnaði frá Kúnígúnd, allt frá dúkum og munnþurkum yfir í matarstell og hnifapör. Tobba hefur einnig tekið saman hugmyndir að flottum brúðargjöfum sem fást í Kúnígúnd svo gestir geta



sótt innblástur hvort sem er fyrir sinn eigin gjafalista eða sem brúðkaupsgestir.

Einnig verður happdrætti fyrir brúðhjón sem mæta á staðinn og stofna brúðargjafalista samdægurs en brúðhjónin geta unnið glæsilegan hággæða steypujárnspott frá Le Creuset sem er sannkölluð lífstíðar eign.

Í Kúnígúnd fæst mikið úrval af vönduðum borðbúnaði. Má þar helst nefna matarstellin frá Royal Copenhagen sem hafa notið mikilla vinsælda hér á landi. Einnig fæst þar mikið úrval af matarstellum frá Villeroy & Boch og Rosendahl ásamt fleirum.

Glös eru nauðsynleg á veisluborðið og það er úr mörgu að velja í Kúnígúnd. Erik Bagger glösin vinsælu fást í mörgum stærðum og gerðum í Kúnígúnd ásamt vönduðum glösum

frá Rosendahl, Georg Jensen, Home og fleira.

Brúðkaupskynning Kúnígúnd er því kjörið tækifæri til þess að kynna sér allt það helsta sem snýr að loka-skrefum í brúðkaupundirbúningi; kökum, vali á blómum, skarti og brúðargjafalistum sem auðveldu brúðkaupsgestum lífið svo um munar þegar kemur að valinu á réttu brúðargjöfni. Starfsfólk Kúnígúnd er stútfullt af sérþekkingu á sínum vörum og hjálpar brúðhjónum að setja upp hinn fullkomna brúðargjafalista fyrir þeirra framtíðarheimili.

Það er hægt að skrá sig á Facebook-viðburðinn á Facebook: Kúnígúnd **Brúðargjafalista Kúnígúnd má kynna sér betur á vefsíðunni kuningund.is**



SKILTAGERÐ



BÍLAMERKINGAR



BANNER-UP



SÓLARFILMUR



**Ráðgjöf
Hönnun
Framleiðsla
Uppsetning**



Sundaborg 3 - 104 Reykjavík - 777 2700 - xprent@xprent.is

Eyjan mín

Snæfríður Ingadóttir og fjölskylda ákváðu að búa á

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Snæfríður Ingadóttir ferðabókahöfundur hefur búið á Tenerife í vetur, ásamt eiginmanni sínum, Matthíasi Kristjánssyni, og þremur dætrum þeirra, Bryndísi, 5 ára, Margrétu Sóley, 9 ára, og Ragnheiði Ingu, 11 ára.

„Eins og svo margir sem búa á norðlægum slóðum þá dreymdi okkur hjónin um að prófa að búa á sólríkari slóðum. Við höfum undanfarin ár ferðast mikið til Kanaríeyja á veturna og heillast mjög af eyjunum, ekki síst Tenerife. Eftir okkar síðasta ferðalag hingað ákváðum við að láta slag standa og prófa að búa hérna einn vetur. Við komum hingað síðastliðið haust og förum til baka í júní. Þessi vetur hefur liðið allt of hratt og það hefur verið heilmikið ævintýri að búa hérna. Við komum hingað alveg mállaus og byrjunin var því ekki auðveld fyrir stelpurnar okkar sem fóru beint í spænskan skóla en þær eru núna altalandi á spænsku. Það verða mikil viðbrigði að koma aftur til Akureyrar þar sem við búum, því við erum orðin góðu vön hér hvað varðar hlýtt veðurfar og gott mataræði,“ segir Snæfríður, sem deilir nokkrum af sínum uppáhaldsstöðum með lesendum DV.

Kann vel við sig á Vindheimamelum

„Við búum í strandbæ sem heitir El Médano og er á suðurhluta eyjunnar. Við komum hingað fyrst í íbúðaskipti fyrir nokkrum árum og heilluðumst af stemmingunni í þessum bæ. Þetta er alls ekki fallegasti bærinn á eyjunni, það er til dæmis nánast enginn gróður hérna. Íslenskir gárungar hér á eyjunni kalla bæinn Vindheimamela, því hér blæs mun meira en á flestum öðrum stöðum á eyjunni,“ segir Snæfríður. „Við kunnum hins vegar vel við rokið og dætur okkar eru að læra „vindsörf“ svo staðsetningin hentar okkur vel. Þessi bær er líka þægilega lítill, það er allt í göngufæri hérna og skemmtilegt að ganga strandlengjuna á morgnana og alla leið upp á bæjarfjallið, Montana Roja.“

Aðspurð hvort hún vilji flytja á annan stað á eyjunni og þá hvaða stað, svarar Snæfríður að hún sé mjög ánægð í El Médano en ef hún myndi færa sig um set þá yrði borgin Puerto de la Cruz líklega fyrir valinu. „Hún er á norðurhluta eyjunnar og er algjör andstæða við El Médano. Borgin er gróðursæl og þar er mjög skemmtilegan arkitektúr að finna auk fjölbreytts úrvals af veitinga- og kaffihúsum.“

Stemmingin á Tenerife fríðsæl og fólk lífsglatt

Tenerife er ekki stór eyja, um 50 sinnum minni en Ísland, en þrátt fyrir smæðina er eyjan afar afar fjölbreytt og margt að sjá og upplifa að sögn Snæfríðar. „Það er þægilegt að ferðast um eyjuna og yfirleitt hægt að ná öllum áfangastöðum í dagsferð, sem mér finnst mikill kostur. Hér eru engin árásgjörn dýr en samt er loftslag og

Fallegt landslag

Séð yfir bæinn Los Gigantes á vesturhluta eyjunnar.



Fjallganga

Snæfríður á göngu í Anaga-fjöllum. Þessi gönguleið er ein af leiðunum sem lýst er í handbókinni Ævintýraeyjan Tenerife og liggur frá Cruz del Carmen til Chinamada.

gróður mjög hitabeltislegur. Ekki spillir heldur fyrir hversu vinalegir íbúarnir eru og maturinn ferskur og fjölbreyttur. Stemmingin á eyjunni er í heildina mjög fríðsæl og fólk almennt mjög lífsglatt.

Það er mjög auðvelt að ferðast um Tenerife á eigin bíl. Allir vegir, jafnvel minnstu fjallavegir, eru malbikaðir en einnig er gott strætókerfi hérna. Við fjölskyldan notum bílinn ekki mikið dagsdaglega þar sem öll þjónusta er í göngufæri við okkur, en við förum gjarnan í dagsferðir um helgar. Um páskana prófuðum við að leigja húsbíl og ferðuðumst á honum um eyjuna og það var áhugaverð upplifun. Fyrir örugga öku menn er alveg hægt að mæla með því, enda tiltölulega ódýrt að leigja húsbíl hérna.“

Kynnist matarmenningu heimamanna vel í matarboðum

Aðspurð hvert fjölskyldan fari út að borða, bæði hversdags og til hátíðabrigða, svarar Snæfríður að þau reyni að heimsækja nýja staði í hvert sinn, en njóti þess þó líka að borða heima. „Þegar við förum út að borða þá verða ídulega spænskir hverfisstaðir fyrir valinu. Við reynum að heimsækja nýja staði í hvert sinn svo við eigum engan uppáhaldsstað sem við heimsækjum aftur og aftur. Við erum mjög hrifin af „guachinches“-menningunni hérna, veitingastöðum sem vínframleiðendur halda úti í þrjá mánuði á ári. Í vinnræktarhéruðunum á norðurhluta eyjunnar er flesta þessa staði að finna. Við njótum þess annars að borða sem mest heima, því það er svo frábært úrval af góðri og ferskri matvöru í verslunum hérna. Við förum á



Bananarækt

Það er mjög mikil bananaræktun á Tenerife. Snæfríður mælir með heimsókn á bananabúgarðinn Las Finca Margaritas þar sem hægt er að fræðast um þessar sérstök plöntur og smakka á afurðum úr bönunum.

bændamarkað einu sinni í viku og kaupum þar inn brakandi ferskt grænmeti og ávexti fyrir vikuna. Geitarostur er oft á borðum og að sjálfsögðu kanarísk vín. Við eigum mikið af spænskum vinum hér á eyjunni sem eru duglegir að bjóða okkur í mat um helgar og í gegnum öll þessi matarboð höfum við kynnst matarmenningu heimamanna mjög vel.“

Á stuttboxum allan veturinn

Snæfríður segir að á Tenerife sé ekkert sem heitir „fyrir utan ferðamannatímabilið.“ „Það er alltaf góður tími til þess að heimsækja Tenerife því hér er alltaf gott veður. Fyrir Íslendinga sem eru að leita að vetrarsól þá er Tenerife, og Kanaríeyjar allar, mjög góður kostur því þær eru eini áfangastaðurinn í Evrópu þar sem hægt er að ganga að góðu veðri visu yfir köldustu vetrarmánuðina,“ segir Snæfríður. „Júlí og ágúst eru heitustu mánuðirnir en þar sem þetta er eyja er alltaf stutt í kælandi hafgolu svo það verður sjaldan óbærilega

, Tenerife

inn vetur á eyjunni



Fjölskyldan á göngu nálægt borginni Puerto de la Cruz á norðurhluta eyjunnar.



Anaga svæðið er algjör konfektkassi fyrir náttúruunnendur.

Fjölbreytt landslag
Hjónin á Benijo-ströndinni á norðurhluta Tenerife.



Heimabærinn Í heimabær fjölskyldunnar, El Médano, blæs mjög mikið enda bærinn vinsæll hjá þeim sem stunda vind- og flugdrekasörf.



Girnilegt
Kanínukjöt og geitarostur, klassísk máltíð meðal heimamanna.



Strandjoga Fjölbreytta afþreyingu er að finna á Tenerife en eitt af því sem fjölskyldan hefur prófað er að mæta í jóga á ströndinni.

Mæðgur gefa út ferðahandbók
Í fyrra gaf Snæfríður út bókina *Ævintýraeyjan Tenerife* og í sumarbyrjun mun koma út önnur bók eftir hana og dóttur hennar, Ragnheiði Ingu, sem fjallar líka um Tenerife. Sú bók heitir *Tenerife Krakkabókin* – geggjáð stuð fyrir hressa krakka. Í þessari bók eru listaðir upp alls konar hlutir sem gaman er að sjá og upplifa hér á eyjunni sem krakki. „Ragnheiður skrifar um staðina út frá sínu sjónarhorni sem krakki og ég skrifa út frá sjónarhorni foreldra,“ segir Snæfríður, sem einnig heldur úti Facebook-síðunni *Ævintýraeyjan Tenerife* þar sem hún setur inn alls konar fróðleik um eyjuna, en Snæfríður er einnig með heimasíðuna lifiderferdalag.is. Auk þess hefur hún haldið fyrirlestra hjá Endurmenntun Háskóla Íslands um Tenerife og mun halda þeim áfram næsta vetur. ■

eða Los Cristianos) á suðurhluta eyjunnar. Ég hvet fólk hins vegar til þess að hreyfa sig aðeins um og sjá fleira en bara sundlaugarbakkann og Siam Park-skemmtigarðinn. Ef farið er á norðurhluta eyjunnar þá er þar að finna allt aðra hlið á eyjunni, öðruvísi náttúru, arkitektúr og menningu.“

heitt hér. Köldustu mánuðirnir eru desember og janúar en þá getur hitastigið farið niður í 16–18 gráður. Ég hef meira og minna verið á stuttbuxunum hér í allan vetur og hér á suðurhlutanum er algjör undantekning ef það rignir.“

-svæðið er líka algjör konfektkassi fyrir náttúruunnendur og endalaust úrval af gönguleiðum þar.

Flestir ferðamenn sem hingað koma dvelja á ferðamannasvæðinu (Playa Américas, Costa Adeje

Bananabúgarður og bíltúr er efst á lista fyrir gesti

„Ég fer yfirleitt með mína gesti í heimsókn á bananabúgarðinn Finca Las Margaritas í Las Galletas. Það er ræktað gríðarlega mikið magn af bönum hér á Tenerife og bananaplöntur eru áberandi í landslagi eyjunnar, svo það er gaman að fræðast meira um þessar plöntur og fá að smakka á afurðum úr þeim,“ segir Snæfríður aðspurð hvert hún fari með sína gesti. „Síðan ráðlegg ég öllum að taka bíltúr á norðurhluta eyjunnar því landslagið þar er svo allt öðruvísi en á suðurhlutanum. Stopp í Masca, Garachico, Puerto de la Cruz og La Laguna er eitthvað sem er ómissandi. Teide-þjóðgarðurinn á miðri eyjunni er líka mikil upplifun og allt öðruvísi landslag þar er annars staðar á eyjunni. Ef fólk er fyrir göngur þá eru margar magnaðar gönguleiðir á eyjunni. Ein af mínum uppáhaldsleiðum liggur frá bænum Santiago del Teide og niður í Masca-þorpið. Þetta er nokkuð þægileg gönguleið í afar fallegri náttúru. Svo er líka svo gaman að enda í Masca-þorpinu og verðlauna sig með því að setjast niður á eitthvert af veitingahúsunum þar. Anaga-



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía



SAKAMÁL



1-3 mannslíf hafði þýski raðmörðinginn Sophie Charlotte Elisabeth Ursinus á samviskunni. Sophie var talin hafa banað með eitri eiginmanni sínum, frænku og elskhuga sínum. Einnig var hún grunuð um að hafa reynt að myrða þjón sinn. Sophie fæddist árið 1760 í bænum Glatz (Kłodzko), sem þá tilheyrði Prússlandi. Nítján ára giftist hún mun eldri manni, hæstaréttardómara að nafni Theodor Ursinus. Ursinus dó skyndilega, 11. september 1800, eftir að hafa haldið upp á afmæli sitt. Sophie var grunuð um græsku því hún hafði ekki samband við lækni og lyfin sem hún gaf bónda sínum gerðu illt verri. Sophie hafði í hjónabandi sínu átt í ástarsambandi við hollenskan liðsforingja, Rogay að nafni. Af honum segir ekki margt, en hann dó þremur árum áður

GHILIAZZA: GLEYMNI

■ Nauðgaði mörgum stúlkum en sagðist ekkert muna ■ Eitt fórnarlambið einset

Jennifer Dion hét fimmtán ára, frönsk stúlka. Hún var frá Loire-dalnum í Frakklandi. Í kringum mánaðamótin nóvember/desember árið 2002 var Jennifer úti að skemmta sér með skólafélögum sínum. Klukkan var orðin hálf sjö um kvöldið og Jennifer vissi sem var að hún hafði verið lengur úti en hún mátti. Því ákvað hún að stytta sér leið gegnum sund eitt, fram hjá auðum lóðum og þaðan yfir á aðalgötuna. Það sem átti að stytta vegferð Jennifer heim, gerði gott betur því það stytta vegferð hennar í gegnum lífið.

Chesterfield og dekkjaför

Næsta morgun fannst nakið lík Jennifer í grænmetisbedi. Höfuðkúpan hafði verið brotin með hamri og líkið var þakið skrárum. Henni hafði verið nauðgað.

Þegar lögreglan í Tours rannsakaði vettvanginn fann hún ýmsar vísbendingar og voru sumar þeirra afar kunnuglegar; Chesterfield-sígarettustubbur og dekkjaför eftir vespu. Lögreglan vissi að förin voru eftir vespu því ein slík, grá að lit, hafði sést á vettvangi í fleiri málum sem vörðuðu kynferðislegt ofbeldi. Einnig vissi lögreglan að ódæðismaðurinn reykti Chesterfield og ótæpilega.



Grænmetisgardurinn Lík Jennifer fannst illa útleikið í þessum gardi.

Fyrsta morðið

Hvað glæpamaðurinn hét lá ekki fyrir þegar þarna var komið sögu. Síðar kom í ljós að um var að ræða

34 ára karlmann, Patrick Ghiliazza, sem var afgreiðslumaður í verslun. Á árunum 1997 til 2003 hafði Patrick ráðist á að minnsta kosti sex ungar konur.

„Lofaðu mér því að ég sjái móður mína aftur“

BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR



Sérsmíðum eftir óskum hvers og eins



Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is

Sumum stúlkanna hafði hann nauðgað, sumar sluppu þegar aðrir vegfarendur komu of nærri, en Jennifer var fyrsta stúlkann sem Patrick myrti.

Lögreglan hafði hendur í hári Patricks fyrir tilstilli einnar konu, Samiru, sem hafði lent í klónum á honum fyrri hluta árs 2002.

Patrick ræðst á Samiru

Í dómsal í Tours, í september 2006, stigu fórnarlömb Patricks hvert á fætur öðru í vitnastúkuna og rifjuðu upp þolraun sína frammi fyrir þöglum áheyrendum.

Eftirminnilegust var hugsanlega áðurnefnd Samira. Hún sagði að sunnudaginn 24. mars, 2002, hefði hún verið úti að skokka. Í litlu skóglendi ók Patrick Ghiliazza fram hjá henni á gráu vespunni sinni. Hann stoppaði nokkru síðar og beið. Þegar hún kom nær spurði hann hana hvað klukkan væri, og stökk síðan á hana. Þegar hann herti að hálsi henni reyndi

hún að róa hann niður og sagði við hann: „Lofaðu mér því að ég sjái móður mína aftur.“

Þjargvættur á vespu

„Hann lofaði því. Ég sagði: „Ekki meiða mig“ og hann svaraði: „Ég meiði þig ekkert. Ég mun bara gera þér gott.““

Patrick reif fötin utan af Samiru, nauðgaði henni og setti fötin hennar inn undir jakkann hans.

Síðan reyndi hann að draga Samiru upp á hjólið, en þá bar að einhvern annan á vespu og Patrick sá sitt óvænna og stakk af.

Ökumaður hinnar vespunnar hjálpaði Samiru, sem ákvað síðar að láta þennan atburð og áfall ekki draga sig niður. Þvert á móti þá ákvað hún að finna þetta skrímsli og láta hann svara fyrir glæpi sína.

Samira finnur nauðgarann

Samira sigraðist á óbeit sinni á staðnum þar sem henni hafði verið nauðgað og þegar hún fór út að

en Ursinus, úr berklum var í upphafi talið. Síðar kom í ljós að Sophie hafði keypt slatta af arseníki. Þann 24. janúar, 1801, dó frænka Sophie, Christiane Witte, eftir skamma sjúkralegu. Hún hafði arfleitt Sophie að þokkalega vænum auðæfum. Sophie hafði skömmu áður keypt arseník. Undir lok febrúar árið 1803, veiktist þjónn Sophie, Benjamin Klein, heiftarlega eftir að hafa rifist við hana. Á meðal þess sem Sophie gaf Benjamin var súpa sem gerði honum ekki gott. Hann fylltist grunsemdum og lét í laumi kanna plómur sem hún færði honum. Þær reyndust innihalda arseník. Réttarhöldum yfir Sophie lauk 12. september árið 1803. Hún var sakfelld fyrir að hafa myrt frænku sína og reynt að myrða þjón sinn og fékk lífstíðardóm. Hún var náðuð eftir 30 ár og endurheimti sess sinn meðal heldri borgara í Glatz. Sophie dó árið 1836.



HI GLÆPAMAÐURINN

tti sér að hafa hendur í hári hans ■ Staðfestan bar ávöxt



Jennifer Dion Sú eina sem Ghiliazza myrti.

„Þú fékkst mig til að skilja raunverulega merkingu orðsins hatur

nálægt honum að allur efi f auk út í veður og vind. Þetta var hann og enginn annar.

Samiru tókst að fá far heim til sín þar sem hún hringdi á lög-regluna. Patrick var á sama stað þegar lögreglan kom. Hann var með Chesterfield-sígarettu á milli varanna og nokkrir stubbar lágu við fætur hans.

Lítill vafi

Fljótlega lá ljóst fyrir að maðurinn, Patrick Ghiliazza, hafði nauðgað Samiru, en hafði hann líka ráðist á hinar ungu konurnar og myrt Jennifer Dion.

Í öllum tilvikum hafði sömu að-

ferð verið beitt, gerandi var á grárrí vespu og reykti Chesterfield. Tilviljanir eiga sér stað, en litlum vafa virtist undirorpið að Patrick væri sekur um allt áður nefnt.

Ein stúlkanna rifjaði upp þegar hún lenti í klónum á Patrick, 13. ágúst 2002. Patrick braut á henni öxlina í ofsanum. „Þú fékkst mig til að skilja raunverulega merkingu orðsins hatur,“ sagði stúlkann við réttarhöldin.

Sagðist ekkert muna

„Mér þykir það leitt,“ stamaði Patrick upp. „Ég hef reynt að muna hvað gerðist, en ekkert rifjast upp fyrir mér,“ bætti hann við.

Hið sama var uppi á teningnum hjá Patrick þegar hann heyrði frásagnir annarra. Hann rámaði til dæmis ekkert í tvær árasir sama daginn, 7. nóvember 2002, fórnarlömb hans þá voru 14 og 15 ára.

Viku síðar réðst Patrick á tíu ára stúlku; nei, hann mundi ekkert eftir því. Hálfum mánuði síðar myrti hann Jennifer Dion og fjórum mánuðum síðar réðst hann á tólf ára stúlku.

„Ég man ekki eftir neinu af þessu,“ var viðkvæðið hjá Patrick.

Fullkomin gleymni

Hvað Jennifer Dion varðaði þá sagði Patrick að hann hefði reykt sígarettu, Chesterfield, til að byggja upp hugrekki til að nauðga henni. En einn rannsóknarlög-reglumaður sagði: „Hann nauðgaði henni tvisvar og ég tel að hann hafi fengið sér að reykja á milli nauðgana.“

Dómsformaðurinn spurði Patrick: „Hefurðu fleiri nauðganir á samviskunni, fleiri morð?“ og Patrick svaraði: „Það er mögulegt, en ég man það ekki.“

Málalyktir urðu þær að Patrick Ghiliazza fékk lífstíðardóm með möguleika á reynslulausn eftir 30 ár. ■

„Ég meiddi þig ekkert. Ég mun bara gera þér gott.“

skokka fór hún iðulega þangað, sannfærð um að nauðgarinn léti sjá sig.

Meira en ári síðar, sunnudaginn

13. apríl, 2003, uppskar Samira ávöxt staðfestu sinnar; þarna sat hann á vespunni sinni, reykjandi Chesterfield. Samira komst svo

HÖFUM
OPNAÐ
NÝJA
VERSLUN
LAUGAVEGI
62

REYKJAVÍK
RAINCOATS

REYKJAVÍK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTADIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

„Að þurfa að jarðsitt og vera með

Tvíburar Heiðrúnar fæddust eftir 24 vikna meðgöngu

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Heiðrún Edda Ingþórsdóttir er tuttugu og átta ára gömul, tveggja dætra móðir sem býr á Dalvík ásamt Veigari, manni sínum. Eldri dóttir Heiðrúnar, Tanja Lind, fæddist árið 2016 eftir eðlilega meðgöngu og að fæðingarorlofi loknu fór Heiðrún að starfa á Heilbrigðisstofnun Norðurlands en á þeim tíma bjó hún á Blönduósi. Fljótlega flutti hún til Dalvíkur og hóf þá störf í leikskóla þar. Lífið lék við fjölskylduna og í byrjun júní árið 2017 komst Heiðrún að því að hún var aftur orðin þunguð.

„Í endann á júní komumst við að því að um tvíbura var að ræða, sem var mikið áfall fyrir okkur en ég náði fljótt að jafna mig eftir fréttirnar og varð tilhlökkunin mikil hjá okkur öllum. Þegar ég fór svo í sónar um miðjan ágúst kom í ljós að mikill bjúgur og vökví var til staðar hjá öðrum tvíburanum og við vorum send frá Akureyri til Reykjavíkur í skoðun,“ segir Heiðrún í viðtali við DV.

Ekkert sem gat undirbúið þau fyrir komandi erfiðleika

Við tóku virkilega erfiðir tímar hjá fjölskyldunni sem ekkert þeirra gat undirbúið sig fyrir.

„Það voru þung skref fyrir okkur að fara til Reykjavíkur og þegar þangað var komið kom í ljós að eitthvað mikið væri að. Við tókum þá ákvörðun í samráði við lækna að halda meðgöngunni áfram og sjá hvað myndi verða, þar sem annar tvíburinn virtist vera heilbrigður sem reyndist síðan vera rétt. Þegar ég var gengin tuttugu og fjórar vikur fann ég fyrir miklum samdráttaverkjum og það byrjaði að blæða hjá mér. Þarna vorum við aftur komin norður og við skoðun á Akureyri kom í ljós

113 dagar í óvissu Fjölskyldan tók einn dag í einu.



„Vökudeild er einn af þeim stöðum sem verða líklega alltaf í huga okkar

„Það var mjög erfitt að fara að sofa á kvöldin og vita ekkert hvað tæki við daginn eftir

að hjarta annars tvíburans hafði stoppað. Ég var í kjölfarið send suður með flugi.“

Heiðrún lá á Kvennadeild Landspítalans í viku sem hún seg-

ir hafa verið langa og erfiða. Eftir vikuvöl fór fæðing af stað sem ekki var hægt að stöðva.

„Það komu tvær stelpur í heimin. Önnur andvana, sem fæddist

eðlilega, en hin kom með bráðakeisara og var þá 724 grömm og ég gengin 24 vikur og fimm daga. Næstu dagar á eftir voru skrítnir. Að þurfa að jarða annað barnið sitt og vera með hitt á vökudeild, fárveikt, og vita ekkert hvernig allt myndi fara.“

Mikil veikindi tóku við

Erfiðleikum Heiðrúnar og Veigars var langt í frá lokið en í kjölfar jarðarfarar dóttur þeirra, Evu Bjarkar, sem í ljós kom að hafði Turner litningagalla, tóku við langir og strangir 113 dagar á vökudeild Landspítalans með eftirlifandi dóttur þeirra, Þórdísi Helgu.

„Við fengum íbúð hjá Barnaheill og dvöldum þar á meðan. Allir voru rifnir úr sinni daglegu rútínu og fékk eldri stelpan okkar að vera hjá okkur ásamt því að dvelja með foreldrum mínum. Það var mjög erfitt að fara að sofa á kvöldin og vita ekkert hvað tæki við daginn eftir. Þetta voru 113 dagar í óvissu og tókum við einn dag fyrir í einu. Ferillinn byrjaði á því að fósturæðin lokaðist ekki og þurfti lyfjameðferð við því, síðan fékk hún veirusýkingu og í janúar kom stórt högg. Þá fékk hún ROB (Retinopathy of prematurity) augnsjúkdóm á háu stigi og þurfti lyfjameðferð við því. Þórdís Helga endaði svo sína síðustu daga á



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
one[®]
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is


“Það annað barnið hitt á vökudeild”

Við skoðun kom í ljós að hjarta annars tvíburans hafði stoppað

vökudeildinni með því að fá RS-vírusinn.“

Hver dagur tók virkilega á fjölskylduna en með aðstoð frá nánustu fjölskyldu, vinum, starfsfólki vökudeilda og prestinum Vigfúsi komust þau í gegnum þennan tíma.

„Það var oft grátið. Ég hefði ekki geta hugsað mér að vera annars staðar á öllum þessum 113 dögum en á vökudeild og við hittum aldrei neinn lækni eða hjúkrunarfræðing sem okkur leist ekki á. Vökudeild er einn af þeim stöðum sem verða líklega alltaf í huga okkar og starfsfólkið líka.“



Á vökudeild Heiðrún með Þórdísi Helgu, dóttur sinni.



Dætur Heiðrúnar, Þórdís og Tanja. LIÓSMYND: KRISSEY

Vinnur í sjálfri sér

Meðan á dvölinni stóð minnst Heiðrún þess að hafa óskað þess heitast að komast heim. Hún hafði talið það geta bætt úr vanlíðan sinni.

„Núna, þegar ég lít til baka, þá hlæ ég að því vegna þess að við tóku líka erfiðir dagar hér heima. Þá tóku bara við önnur verkefni. Við höfum verið að vinna með næringarvanda-

mál Þórdísar síðan við komum heim og hún glímir enn við það. Einnig mætum við með hana í sjúkrahjálfun einu sinni í viku þar sem hún er eftir á í hreyfi- og málþroska og hún er alltaf í ströngu fyrirburaeftirliti á barnadeildinni á Akureyri. Hún byrjaði svo á leikskóla núna í janúar og við erum virkilega ánægð með leik-

skólann, en Dalvíkurbær hefur staðið við bakið á okkur, allt strax frá fyrsta degi, og hjálpað okkur mikið. Ég hef líka verið að vinna í mínum andlegu málum eftir heimkomu og þegar hún byrjaði á leikskólanum fór ég að taka mig á í hreyfingu. Ég tók strax ákvörðun um að hlaupa 10 kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu

fyrir vökudeild því án hennar væri Þórdís Helga ekki hér hjá okkur.“

Heiðrún stendur nú í ströngu við undirbúning fyrir Reykjavíkumaraþonið og hægt er að heita á hana á hlaupasiðu Reykjavíkumaraþonsins (www.hlaupastyrkur.is) undir nafni hennar, Heiðrún Edda Ingþórsdóttir. ■

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer
Einnig hægt að hringa í sími 775 6080



**NÚ ER RÉTTI TÍMINN
TIL AÐ LEITA TILBOÐA**

ERU HELLURNAR ÓHREIN GRÓÐRASTÍA?


Við hreinsum, söndum og húðum svo þær verða eins og nýjar



Geymdu auglýsinguna

HELLUHREINSUN.IS - S: 775 6080

Helgarkrossgátan



	↓						4		þoka tæmdur													
		hæðirnar		íðki	þekktar	áhald	kögur															
							5															

Sudoku

Auðveld

		9	2						3	
5	8				4			9		
			7	8			5			
3		2						7	8	
4	1	5								
7			9	1	2			4		
8								2	3	7
			4	6				8		
		3							1	

Erfið

3	6			2					1
				8				6	7
4					1				
				1	6	3		7	8
						2		1	5
			9					3	
				2	5	6			
9					4				
1		5		3					

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Helga Margrét Þorsteinsdóttir

Lausnarorðið var Í SUMARSKAPI

Helga hlýtur að launum bókinu Barnið sem hrópaði í hljóði: Eddumál #4



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin **Sextíu kíló af sólskini**

Sextíu kíló af sólskini

Höfundur: Hallgrímur Helgason

„Og nú stóð hann hér, Eilífur, einn á breiðri snjóblæjuni, sveittur af angist og hugsaði: Þrjú kíló hveiti fyrir þetta? Þrjú kíló hveiti fyrir þú mitt, konu, börn og kú? Þrjú kíló hveiti fyrir allt mitt líf? En þá heyrði hann allt í einu baulað undir fótum sér.“


Drengur sem bjargast fyrir kraftaverk hlýtur að eiga framtíð en það er eins og forlögin geti ekki gert upp við sig hver sú framtíð eigi að vera. Á hann að vera

eftirlæti kaupmannsins á Fagureyri, þræll á framandi duggu eða nidursetningur hjá kotungum í Segulfirði?

Í stöðnuðu samfélagi torfaldar eru ekki fleiri möguleikar – en svo kemur síldin! Öreigar landsins sjá peninga í fyrsta sinn og allt breytir um svip.

Sextíu kíló af sólskini fjallar um mikla umbrotatíma í íslenski sögu; hér segir af því þegar nútíminn sigldi til hafnar á Norðurlandi og Norðmenn námu landið öðru sinni. Saga sem bæði grætur og gleður.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----



Vegamálun GÍH: Bílastæðamálun um allt land

Vegamálun GÍH annast bílastæðamálun og aðrar tengdar gatnamerkingar. Fyrirtækið er með margra ára reynslu í vegmerkingum og hefur tekið þátt í hinum ýmsu verkefnum. „Við búum yfir fagþekkingu í bílastæðamálun sem nauðsynlegt er að hafa til þess að ná sem bestri nýtni úr bílplaninu,” segir Gautur Ívar Halldórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Kostnaður við að mála eitt dæmigert húsfélagsplan er oft minni en fólk heldur. Metraverð fer eftir fjölda; því fleiri metrar því lægra einingarverð,” segir Gautur Ívar aðspurður um kostnað við framkvæmdir sem þessar.

„Áreiðanleg og góð þjónusta er okkar helsta markmið og að viðskiptavinurinn verði fyrir sem minnstum óþægindum á framkvæmdatíma.”

„Fyrirtækið hefur vaxið ár frá ári og er stefnt á að bæta við vélum og tækjum í flotan til að geta annast fleiri verkefni,” segir Gautur Ívar að lokum.

Kostar ekkert að fá tilboð í bílplanið

Það er fritt að fá tilboð í bílplanið, hægt er að óska eftir tilboðum á heimasíðu fyrirtækisins www.bilastaedamalun.is, í gegnum netfangið gih@gih.is eða í síma 894-1500.



Engill Bjartur leggur allt í sölurnar

Eitt yngsta starfandi ljóðskáld landsins – Skrifar skáldsögu



Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Engill Bjartur er eitt yngsta starfandi ljóðskáld landsins. Í desember í fyrra sendi hann frá sér fyrstu ljóðabókina, Vígslu, sem hefur að geyma 40 frumsamin ljóð sem hann orti á aldrinum 17 til 20 ára. Engill yrkir um allt milli himins og jarðar, ástina, náttúruna, og einnig hversdagsleg fyrirbæri á borð við svefn og kaffi. DV ræddi við Engil Bjartur.

Vopnaður móðurmálinu og greiðsluposa

Engill er bjartsýnn og vígreifur þegar hann ræðir um viðtöknurnar við bókinni.

„Enginn trúði því að Vígsla myndi seljast,“ segir hann. „Mér var ráðlagt að takmarka upplagið við 50 eintök. „Enginn græðir á ljóðabókum, ljóðabækur seljast ekki, ljóðlistin er útdautt listform,“ sögðu raddir efahyggjufólksins. En mér hefur tekist að áorka því ógerlega: Gefa út ljóðabók tvítugur sem rokselst. Frá því laust fyrir jól, hef ég haft það sem helgarvinnu að ganga í hús og selja Vígslu – vopnaður móðurmálinu, ljúfri lyndiseinkunn og 3G-greiðsluposa. Nú eru 260 eintök seld af fyrsta upplagi og er önnur prentun komin í hús, aukin og endurbætt. Fyrst hélt ég að árangurinn væri tengdur jólunum og meðfylgjandi kaupgleði landans. En það afsannaðist í mars, sem var söluhæsti mánuður minn til þessa.“

Söluævintýrin

Engill segist þakklátur fyrir þá blessun að geta stundað þá vinnu sem hann elskar og haft lífbrauð, eða lífbrauðskorpur eins og hann segir, af því.

„Fyrir ungskáld eins og mig sem meinað er um listamannalaun er það huggun harmi gegn. Það eru engir tveir vinnudagar eins. En tvennt breytist aldrei. Allir eru kurteisir, jafnvel þeir sem afþakka. Og í söluferðunum kemur alltaf eitthvað á óvart.“

Þú hefur lent í ýmsum söluævintýrum. En hver eru þau helstu?

„Eitt sinn lauk upp fyrir mér indæliskona sem sagðist glöð vilja kaupa. Maðurinn hennar væri nefnilega líka rit-

höfundur. Sá maður reyndist vera Jón Kalman Stefánsson. Hann var að vísu ekki heima en það vildi þannig til að hann átti afmæli daginn eftir. Ég áritaði bókina auðvitað handa honum í afmælisgjöf.“

Engill heldur áfram.

„Á sólríkum sunnudegi, í upphafi mánaðar, gekk ég milli fólks í miðbænum. Þegar ég var búinn að selja fiðluleikara, Þjóðverja og einum lögfræðingi, mætti ég geðþekktum manni nokkrum í svörtum leðurjakka. Það var enginn annar en rithöfundurinn Einar Kárason sem var á gangi eftir Flókagötunni.“

Þá er ónefnd „englakonan“ og rithöfundurinn Ingibjörg Kr. Ferdinandsdóttir sem tók ástfóstri við engla þegar bróðir hennar bjargaðist frá voða í æsku á undraverðan hátt. Hún var mjög heilluð af nafninu mínu og vildi ekki aðeins taka mynd til að birta á Facebook, heldur einnig gefa mér eintak af nýjustu barnabók sinni, Krumma Króm. Þetta er ekki eina gjöfin sem ég hef fengið frá viðskiptavinum. Mér hefur einnig verið gefin bænabók, Ljóðasafn, ævisaga og geisladiskur eftir saxófónleikarann Hans Jensson.“

Seldi á Tenerife

Margir eru nú byrjaðir að þekja Engil Bjartur af afspurn, ljóðskáldið sem gengur í hús, les og selur. Viðskiptavinirnir eru á öllum aldri, frá 4 til 84 ára. Fátt veitir Engli meiri ánægju en að árita fyrir börnin sem fylgjast spennu með í dyragættinni.

„Framtíð íslenskrar tungu er í höndum æskunnar. Langflestir kaupendur hafa yndi af ljóðlist. En þó er það ekki algilt. Ég gleymi til dæmis aldrei orðum eins mannsins sem keypti af mér í miðju jólaharkinu: „Æ, ætli ég kaupi þá ekki ljóðabók svona einu sinni á ævinni!“

Engill hefur einnig lagst í viking og selt utan landsteinanna. En það var reyndar fyrir tilviljun.

„Í febrúar brá ég undir mig betri fætinum og fór í „skáldaleyfi“ til Tenerife. Vitanlega gerði ég ekki ráð fyrir því að selja neitt þar. En einn daginn sat ég úti á veitingastað og var að glugga í Skáldatíma eftir Halldór Laxness, einu bókina sem ég hafði í fórum mínum. Og áður en langt um leið

greip maður í öxlina á mér og sagði á íslensku: „Ég sé að þú ert bókmenntamaður.“ Þetta var hann Steinar Harðarson, formaður VG í Reykjavík, en hann hafði setið við næsta borð ásamt eiginkonu sinni, Dagnýju, og rekið augun í hina al-kunnu röndóttu Laxnesskápu. Ég átti yndislegt bókaspjall við þau hjón úti í sólinni og þegar heim var komið, keyptu þau glöð eintak af Vígslu. Ljóðlistin spyr ekki um landamæri.“

Hvað er næst á döfni hjá þér?

„Það má segja að ég sé athafnaskáld. Ég legg að minnsta kosti allt í sölnar til að selja Vígslu – bókstaflega. Nú bíða 300 ný eintök þess í ofvæni að komast í hillur ljóðelskra landsmanna þegar veður leyfir. Ljóðabókasala er eitt óreglugasta starf sem hugsast getur en það er einnig með þeim skemmtilegri. Vígsla markar mitt fyrsta skref fram á ritvöllinn. Og skrefateljara munu missa tölu á komandi skrefum. Þegar páskahretið hrekur mig úr hverfum borgarinnar, er fátt betra en að setjast inn og vinna í komandi bókum. Ég er núna að skrifa skáldsögu í fullri lengd sem er væntanleg haustið 2020,“ segir Engill.

LEYNDARDÓMUR

Aldrei hef ég lifað nokkuð þessu líkt;
lífið af fögrum leyndardómi er ríkt.
Eitt atvik kann raunum einhæfni að rífta
og rauðum tjöldum leiksviðs að lyfta.
Það er svo margt sem mér er enn leynt
og minnst fæ ég vitað er mest hef ég reynt.
En er ég þönkunum nokkuð næ niður
þá nálgast mig lífsins leikritasmiður.
Hann mark sitt á litlausa tilveru leggur
og leikandi á fábreytnifjötrana heggur.
Og skeleggur leik ég – því það hef ég lært
– í leikþætti er forlöginn mér hafa fært.
– Ég frið á í hjarta sem ekkert fær bært.

Engill Bjartur 2017

GIMLI
FASTEIGNASALA



NAUSTABRYGGJA 31, 110 REYKJAVÍK
79.900.000 kr.

Tegund Fjölbýli
Stærð 184 M²
Herbergi 6



SKYGGNISBRAUT 26 - 28, 113REYKJAVÍK
64.800.000 kr.

Tegund Fjölbýli
Stærð 135 M²
Herbergi 5



KVÍSLARTUNGA 9, 270 MOSFELLSBÆR
86.900.000 kr.

Tegund Parhús á 2 hæðum
Stærð 286 M²
Herbergi 7

Menntastoðir – fjarnám

Nám með minni viðveru en sömu gæðum

Menntastoðir er undirbúningur til áframhaldandi náms og miðar við háskólabrú Keilis og frumgreinadeildir við Bifröst og H.R. Einnig má nýta einingar úr Menntastoðum inn í nám í framhaldsskóla s.s. grunn að iðnnámi.


Kjörorð Menntastoða MSS eru:

- Framúrskarandi fjarnámskennsla
- Sveigjanleiki í námi, óháð tíma og rúmi
- Metnaðarfull þjónusta og stuðningur við nemendur

Ummæli nemenda:

Herdís Ósk Sveinbjörnsdóttir

Menntastoðir er frábær skóli með frábærum kennurum sem leggja alla sína vinnu í að hjálpa okkur að ná sem bestum árangri og undirbúa okkur fyrir næstu skref í náminu.



Særún Lúðvíksdóttir

Ég tók Menntastoðir í fjarnámi erlendis frá og er það klárlega grunnurinn að þeim árangri sem ég hef náð í mínu námi. Það er mér ómetanlegt hvernig kennararnir hvöttu mig áfram og gáfu mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að byrja í námi eftir langt hlé. Ég mæli hiklaust með MSS, nútímalegt námsumhverfi og persónulegt viðmót sem byggir upp og hvetur áfram.

Ari Freyr Skúlason

Það var virkilega gaman að hefja nám á ný, þar sem ég hafði ekki verið í skóla síðan ég var 15 ára. Fór ungur út í atvinnumenskuna í knattspyrnu. Ég mæli klárlega með Menntastoðum. Skipulagið var einfalt og þægilegt.



Rúrik Gíslason

Ég lauk við fjarnám frá Menntastoðum og tilfinningin við að ná þeim áfanga var frábær. Námið í Menntastoðum er frábær grunnur fyrir næstu námsskref og fann ég hvað það kom sér vel að hafa farið í Menntastoðir þegar ég hélt námi mínu áfram eftir útskrift.

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Bára
412 5952 eða á aslaug@mss.is





Tvífarar:

Píanistinn og ritstjórinn

Óhætt er að segja að mikill svipur sé með tónlistarmanninum Jóni Ólafssyni og ritstjóranum fyrrverandi, Styrmi Gunnarssyni. Þó að vissulega sé hinn síðarnefndi töluvert eldri.

Jón hefur glatt Íslendinga með hljómsveitinni Ný dönsk í hartnær þrjátíu ár en þar áður hafði hann getið sér frægðar með Bítlavinafélaginu. Jón hefur einnig gefið út sólóplötur og stýrt hinum geysivinsælu þáttum Af fingrum fram sem sýndir eru á RÚV.

Styrmir er einn af áhrifamestu fjölmiðlamönnum Íslands og ritstýrði Morgunblaðinu í 36 ár. Styrmir hefur verið áberandi í þjóðfélagsmæðunni síðan og meðal annars gefið út bók um bankahrunið.



Hvað er Pétur „Jesús“ að horfa á?

Pétur Örn „Jesús“ Guðmundsson, söngvari með meiru, horfir mikið á þætti byggða á vísindaskáldskap og elskar hrollvekjur.

Hvað ert þú að horfa á?

„Ég var að klára þriðju þáttaröð af þáttum sem heita Travelers og eru „sci-fi“-þættir sem fjalla um tímaferðalanga. Ég er mjög hrifinn af þeim og bíð spenntur eftir næstu seríu.

Svo er ég að horfa á aðra seríu af Star Trek Discovery, sem er besta Star Trek sem ég hef séð. Ég er voðalega mikið fyrir vísindaskáldskap eða hrollvekjur og ef það er ekki geislabyssa eða varúlfur í kvikmynd þá hef ég ekki áhuga. Djók. Ég horfi á allt, en helst geimverur, plánetusprenningar og vélmennavarúlfa. Ég er líka að horfa á Attack on Titan sem eru frábærir „anime“-þættir en ég er mikill „anime“-kall.“



Þeir gætu verið tvíburar... og svona líka brosmildir!

Loki

Slysagildra í Laugardalnum

Garðar Sveinbjörn Ottesen lenti þann 19. apríl í alvarlegu slysi á bílplaninu við tjaldsvæðið í Laugardal. Hann er verkfræðingur sem varð heimilislaustr eftir slys og dvelur þar ásamt ellefu öðrum. Garðar féll um steina sem nýlega var komið þar fyrir og braut úlnið og rifbein.

Steinunum var komið fyrir á planinu til þess að auka öryggi. Garðar og fleiri töldu steinana vera slysagildru, sérstaklega um kvöld og nætur þegar planið er óupplýst. Hafði hann haft samband við ÍTR og Farfluglaheimilið á svæðinu og varaði við þeim.

Garðar starfar í félagsamtökum sem kallast Kærleikssamtökin, en þau hafa látið sig málefni heimilislaustra varða. Í samtali við DV segir hann:

„Ég var að ganga frá bílnum mínum að næsta bíl til að heilsa gestum sem voru að koma. Ég er á hækjum og þurfti að taka tvö skref aftur á bak þegar bíldyrnar opnuðust. Þá féll ég og lenti á síðunni og hendinni. Það er um metri á milli steinanna og ég var í raun mjög heppinn að lenda ekki með höfuðið á næsta steini.“

Garðar segir að steinarnir sjáist illa, þeir séu líkir planinu sjálfu á litinn.

„Hér er fullorðið fólk og krakkar á hjólum að stytta sér leið í gegn. Það er stórhætta af þessu. Það eru líka ferðamenn hér á stórum og dýrum húsbílum. Þeir eru að bakka á steinana af því að þeir sjá þá ekki. En hvorki borgin né forsvarsmenn tjaldsvæðisins bregðast við þessu. Þetta slys gerðist vegna vanrækslu, þetta hefði aldrei þurft að gerast. Það þarf alltaf einhver að slasast áður en eitthvað gerist.“

Ekki náðist í ÍTR fyrir vinnslu þessarar fréttar. Nánar má lesa um málið á dv.is.



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahiða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bíla eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær